

Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar: Markmið og leiðir

Torfi Jóhannesson, Jóhanna Gísladóttir og Þóroddur Sveinsson



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2024.

Rit Lbhí nr. 169

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-45-1

Höfundar: Torfi Jóhannesson, Jóhanna Gísladóttir og Þóroddur Sveinsson

Uppsetning: Jóhanna Gísladóttir

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, búvísinda, umhverfisvísinda, skipulagsfræði og matvælaframleiðslu á norðurlóðum. Fagfólk skólans nýtur akademísks frelsis og hefur sjálfðæmi við val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan ramma starfsreglna skólans. Hlutverk Rits Lbhí er að miðla faglegri þekkingu en það er ekki ritrynt. Efni hvers rits er á ábyrgð höfunda og ber ekki að túlka sem álit Landbúnaðarháskóla Íslands

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Íslensk landbúnaðarframleiðsla - stutt yfirlit	2
2.1	Búfjárrækt	2
2.2	Jarðrækt	7
2.3	Grænmetisrækt	9
3	Samfélags- og byggðaðróun í íslenskum landbúnaði	10
4	Yfirlitskafla um íslenska stuðningskerfið	12
4.1	Markaðsaðgerðir	14
4.2	Stuðningsgreiðslur	15
5	Samanburðarkafar	19
5.1	Evrópusambandið – Sameiginlega landbúnaðarstefnan	19
5.2	Uppbygging CAP	19
5.3	Fjárhagslegur stuðningur	19
5.4	Fjármögnun	22
5.5	Finnland	22
5.6	Svíþjóð	28
5.7	Austurríki	31
6	Noregur	34
6.1	Landbúnaðarstuðningur	35
6.2	Svæðaskipting	36
6.3	Tollvernd	36
6.4	Framleiðslustuðningur – beinar greiðslur	37
6.5	Verðálag	38
6.6	Þróunarsjóður landbúnaðarins	39
6.7	Markaðsaðlögun	39
6.7.1	Áfallagreiðslur	39
6.8	Þróunaraðgerðir og afleysingaþjónusta	39
6.9	Samantekt um norska stuðningskerfið	39
7	Bretland	40
7.1	Stuðningskerfi	41
7.1.1	Umhverfisstuðningur	41
7.2	Fjárfestingarstuðningur	44
7.3	Aðrir styrkmöguleikar	45
7.4	Skotland	45

7.5	Megindrættir í nýjum landbúnaðarkerfum í Englandi og Skotlandi	46
8	Nýfundnaland.....	47
9	Markmið, leiðir og árangursmælikvarðar	48
9.1	Regluverk og fyrirkomulag landbúnaðarstuðnings	48
9.2	Stjórnþæki og markmið	49
9.3	Umhverfistengdur stuðningur	50
9.4	Byggðastuðningur	53
9.5	Nýliðastuðningur.....	55
9.6	Fjárfestingastuðningur	56
9.7	Stuðningsþak og jöfnun greiðslna.....	58
9.8	Fæðuöryggi	59
10	Lokaorð.....	60
	Heimildir.....	62
	Viðauki 1: Measures on the ‘European menu’	71
	Viðauki 2: Styrkhæfar umhverfisaðgerðir í Englandi	72
	Viðauki 3: Styrkhæfur búnaður og tækni úr Fjárfestingarsjóði landbúnaðarins í Englandi.....	77

1 Inngangur

Íslenska landbúnaðarkerfið byggir á samblandi beins framleiðslustuðnings við einstakar búgreinar, framleiðslutakmarkana, tollverndar og óframleiðslutengds stuðnings. Kerfið byggir á ákvæðum búvörulaga nr. 93/1993 með síðari breytingum og búnaðarlaga nr. 70/1998 með síðari breytingum, ásamt reglugerðum og búvörusamningum milli ríkis og samtaka bænda.¹ Markmið búvörulaga er að stuðla að aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu, að framleiðsla búvara stuðli að nægjanlegu vöruframboði, útflutningur búvara fari fram sé það talið hagkvæmt, að kjör þeirra sem starfa við landbúnað séu sambærileg öðrum stéttum, að innlend aðföng nýtist sem best við framleiðslu búvara og að þau stuðli að jöfnuði milli framleiðenda í hverri búgrein er varðar afurðaverð og markað.² Til að vinna að markmiðum stjórnvalda á hverjum tíma um framleiðslu búvara, er ráðherra þeim er fer fyrir málaflökk landbúnaðar, heimilt að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Bændasamtök Íslands, nánar tiltekið búvörusamninga.³ Nýr rammasamningur milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands var gerður árið 2016 sem gildir til 10 ára og lögð var áhersla á aukna hagræðingu og samkeppnishæfni í framleiðslu, fjölbreytt framboð gæðaafrurða, sanngjarnt verð búvara til neytenda, lífræna framleiðslu, dýravelferð, sjálfbæra landnýtingu, umhverfisvernd, bættu afkomu bænda og nýliðun ásamt eflingu ræktunarmenningar.⁴ Árið 2019 var rammasamningurinn endurskoðaður í samræmi við ákvæði hans.⁵ Síðan þá hefur átt sér stað mikil vinna við stefnumörkun innan málaflökka sem tengjast íslenskum landbúnaði, svo sem með birtingu skýrslu um *Matarauðlindina Ísland 2020*⁶, aðgerðaáætlun fyrir matvælastefnu Íslands 2020, Landbúnaðarstefnan, *Ræktum Ísland!*⁷ kom út 2021⁷, árið 2022 gáfu stjórnvöld út *Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla*⁸ ásamt því að gefa út landgræðsluáætlun og landáætlun í skógrækt.⁹ Þá voru samþykktar tvær þingsályktanir á Alþingi árið 2023 með annars vegar matvælastefnu til ársins 2040¹⁰ og hins vegar landbúnaðarstefnu til ársins 2040¹¹. Síðasta endurskoðun búvörusamninga fór fram 2023, þar sem samningsaðilar sættust á að gera engar meiriháttar breytingar á samningnum, en væru sammála um að hefja strax samtal um starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar í heild sinni.¹² Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað í rekstrarumhverfi landbúnaðarins á síðustu árum og einstakar greinar hafa þróast með ólíkum hætti. Að sama skapi hafa landbúnaðarkerfi nágrannalanda okkar einnig tekið breytingum. Því er tilefni til að framkvæma heildargreiningu á árangri stuðningskerfis íslensks landbúnaðar, þar sem horft er til þeirra markmiða sem sett hafa verið, bæði í lögum og í nýlega samþykktri landbúnaðarstefnu, sem og gera samanburð við landbúnaðarkerfi nokkurra erlendra ríkja sem eru samanburðarhæf við Ísland er varðar landfræði, loftslag og samsetningu landbúnaðarframleiðslunnar.

¹ Alþingi, Búnaðarlög; Alþingi, Búvörulög.

² Alþingi, Búvörulög.

³ Alþingi.

⁴ Stjórnarráðið, „Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparræktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026“.

⁵ Matvælaráðuneytið, Samkomulag um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

⁶ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, „Matarauðlindin Ísland: Matvælastefna Íslands til ársins 2030“.

⁷ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, „Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland!“

⁸ Matvælaráðuneytið, „Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla: Drög lögð fram í febrúar 2022“.

⁹ Matvælaráðuneytið, „Land og líf: Landgræðsluáætlun og landáætlun í skógrækt“.

¹⁰ Svavarsdóttir, Þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040. Svavarsdóttir, Þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040.

¹¹ Svavarsdóttir, Þingsályktun um landbúnaðarstefnu til ársins 2040.

¹² Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

2 Íslensk landbúnaðarframleiðsla - stutt yfirlit

Landbúnaðarframleiðsla á Íslandi byggir á, og takmarkast af, náttúrulegum aðstæðum og innlendri eftirspurn. Náttúrulegar aðstæður setja framleiðsluháttum óvenjulegar skorður í samanburði við önnur Evrópulönd. Hér eru sumur löng en köld miðað við hnattræna stöðu landsins og vetur mildir en rysjóttir.¹³ Á mynd 1 er yfirlitskort yfir norðurhvel jarðar og inn á kortið er teiknuð lína sem sýnir hvar meðalhiti júlímánaðar er 10°C. Línan liggur í gegnum suðurhluta Íslands, nyrstu tanga Norður-Noregs, Múrmansk og norðurhluta Labrador.

Afleiðing þessara köldu sumra er að jarðrækt utandyra er að mestu bundin við grasrækt, kartöflurækt, og takmarkaða ræktun á byggi, sem hefur verið kynbætt sérstaklega til að vaxa við íslenskar aðstæður. Ræktun á rótarávöxtum og káltegundum utandyra er einnig möguleg en hér þurfa framleiðendur að keppa við innflutning frá löndum með betri ræktunarskilyrði og lægri vinnulaun. Ylrækt býður upp á margvíslega ræktunarmöguleika, þökk sé ódýru heitu vatni og rafmagni til upphitunar og lýsingar. Einnig er samkeppni hörð við innfluttar afurðir.



Mynd 1 - Yfirlitskort yfir norðurhvel Jarðar (Hugo Ahlenius, UNEP/GRID-Arendal, 2008)

2.1 Búfjárrækt


Búfjárrækt hefur löngum verið uppistaðan í landbúnaðarframleiðslu Íslands og hefur innlend framleiðsla uppfyllt innanlandsþörf fram á síðustu ár. Búfjárrækt nýtur töluverðs opinbers stuðnings og tollverndar en hár framleiðslukostnaður og hlutfallsleg smæð framleiðslunnar hefur komið í veg fyrir að hún hafi þróast sem útflutningsatvinnugrein.

Mjólkurframleiðsla er að jafnaði vel tæknivædd, en afurðir á kú eru mun minni en í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Sauðfjárrækt er mun umfangsmeiri en í flestum Evrópulöndum (sem hlutfall af heildarkjötframleiðslu) en verð til bænda er lágt, og afkoman bág þrátt fyrir ríkulegan opinberan stuðning. Svína-, kjúklinga- og eggjaframleiðsla byggir nær alfarið á innfluttum aðföngum, og nýtur tollverndar en ekki beins ríkisstuðnings. Verð til bænda á mjólk, nautakjöti, svínakjöti, kjúklingi og eggjum er mjög hátt í samanburði við flest Evrópulönd, en verð á lambakjöti er hins vegar lægra en gengur og gerist í nágrennalöndunum.

Eins og áður sagði er mjólkurframleiðsla á Íslandi tæknivædd, þekkingarstig er hátt og bústærð liggur nærri meðaltali sérhæfðra mjólkurframleiðslubúa í Norður Evrópu. Hins vegar er mjólkurframleiðsla á kú langt undir meðaltali Evrópu og eru einungis Króatía, Búlgaría og Rúmenía með minni meðalnyt.¹⁴


¹³ Sveinsson o.fl., „Barriers to Organic Agriculture in the Arctic“.

¹⁴ World Bank, „The Croatian Livestock Sector in the perspective of the New CAP: Pig and cattle production systems, competitiveness, and public expenditure. Livestock sector analysis in support of the preparation of the Croatia National CAP Strategic Plan for 2021-2027 (P171507)“.



Mynd 2 - Meðalnyt mjólkurkúa í löndum ESB¹⁵ og á Íslandi (Hagstofa Íslands).

Lág meðalnyt íslenskra mjólkurkúa stingur óneitanlega í augu, enda er sterkt samhengi milli meðalnytar og arðsemi, sérstaklega þar sem fastur kostnaður er hár eins og á Íslandi. Mögulegar skýringar gætu verið samsetning fóðurs, kvótakerfi og erfðaeiginleikar íslenska kúastofnsins. Sé horft til framtíðar má telja víst að þessi munur aukist og því til staðfestingar má sjá á mynd 3 hvernig meðalnyt á Íslandi og Finnlandi hefur þróast síðan 1960.



Mynd 3 - Þróun í meðalnyt mjólkurkúa í Finnlandi og Íslandi.¹⁶

Eins og myndin ber með sér dregur í sundur og ætla má að það sama eigi við um aðra mikilvæga eiginleika s.s. frjósemi og mótstöðu gegn sjúkdómum. Í upphafi tímabilsins er meðalnyt kúa svipuð í þessum löndum. Þá var sérstakt Ayrshire kyn ríkjandi í Finnlandi. Það sem breyttist upp úr því var að fluttar voru inn Holstein kýr til Finnlands og í dag eru Nordic Holstein um helmingur finnska kúastofnsins. Upp úr 1960 var einnig farið að flytja inn sæði frá Englandi og Bandaríkjunum til að kynbæta Ayrshire kynið í Finnlandi. Upp úr 1970 er síðan farið að blanda sænskum og norskum

¹⁵ European Commission, „Yield of Dairy cows (kg/head). Source: DG Agriculture and Rural Development“.


¹⁶ RML, „Huppa.is - Afurðapróun í mjólk“; LUKE Natúrræsurinstitutet, „Totalproduktion av mjölk årligen (milj. l)“.

rauðskjöldóttum kynjum í stofninn sem hefur haldið áfram til dagsins í dag.¹⁷ Verður að teljast líklegt að innflutningur á nýju erfðaeefni til Finnlands skýri að stærstum hluta þennan vaxandi mun í kynbótaframförum milli landanna tveggja.

Að frumkvæði verkefnisstjórnar Landsambands kúabænda árið 2007 var unnin skýrsla af hópi sérfræðinga til að meta hagrænan ávinning af innflutningi erfðaefnis til kynbóta á íslenska kúastofninum.¹⁸ Megin niðurstaða skýrslunnar var að nýtt kúakyn til mjólkurframleiðslu gæti skilað mjög miklum hagrænum ávinningi. Að sömu niðurstöðu komst sérfræðingahópur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) í skýrslu til Landbúnaðarráðuneytisins þegar sótt var um að flytja inn NRF kúr í tilraunaskyni.¹⁹ Nú er verið gera endurmat á hagrænum áhrifum nýs mjólkurkúakyns að frumkvæði fagráðs í nautgriparækt sem Landbúnaðarháskóli Íslands stýrir. Skýrsla er væntanleg á vormánuðum 2024.

[Fyrirvari: Íslensku tölurnar eru niðurstöður úr skýrsluhaldi en finnsku tölurnar eru heildarframleiðsla deilt á skráðan fjölda mjólkurkúa. Sambærilegar tölur fyrir Ísland væru lægri en nokkurn veginn samhliða gögnum úr skýrsluhaldi.]

Mjólkurframleiðslan glímir einnig við ójafnvægi á milli framleiðslu og eftirspurnar, þar sem nú er umtalsvert meiri eftirspurn eftir fitu en próteinhluta mjólkur. Ekki er langt síðan ójafnvægið var í hina áttina (sjá mynd 4).



Mynd 4 - Sala innanlands reiknuð á fitu- og próteingrunni.²⁰

Þessi munur þýðir, að nú (m.v. gögn frá 2022) er framleitt nær 20 millj. lítra til að anna umframeftirspurn eftir mjólkurfitu, og síðan er flutt út sambærilegt magn af mjólkurpróteini fyrir verð sem ekki samsvarar framleiðslukostnaði. Opinber verðlagning á mjólk til bænda heftir möguleika mjólkuriðnaðarins til að bregðast við þessari stöðu með breytingum á verðlagningu mjólkur.

Útflutningur mjólkurafurða tekur mið af ójafnvægi þessu milli framleiðslu og eftirspurnar innanlands á fitu og próteini. Þannig eru flutt út mjólkurprótein sem samsvarar 25 millj. lítra framleiðslu, en einungis 2,3 millj. á fitugrundvelli. Innflutningur mjólkur samsvarar hins vegar á bilinu 6-8 millj. lítrum, eftir því hvort miðað er við fitu- eða próteingrunn. Þetta er um það bil 5% af innanlandssölu.²¹

¹⁷ Faba, „Milk production in Finland“; Alhainen, „Ayrshirerodun historiaa“.


¹⁸ Kristófersson o.fl., „Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu með íslenskum kúm og fjórum erlendum kúakynjum – niðurstöður starfshóps“.

¹⁹ mbl.is, „Landbúnaðarráðherra leyfir innflutning fósturvísa úr norskum kúm“; Eyþórsdóttir o.fl., „Um innflutning á NRF fósturvísam og áhrif á íslenska nautgriparækt. Umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til landbúnaðarráðuneytisins“.

²⁰ SAM, „Ársskýrsla 2022: Sala mjólkur“.


²¹ SAM, „Ársskýrsla 2022: Útflutningur vegna móttöku umframmjólkur á verðlagsárinu 2022“.

Framleiðsla á svínakjöti, kjúklingi og eggjum miðast eingöngu við innlenda eftirspurn enda er framleiðslukostnaður of hár til að útflutningur sé raunhæfur.



Mynd 5 - Svínakjöt: Innanlandsala og innflutningur (ekki leiðrétt fyrir beinahlutfalli).

Líkt og sjá má á mynd 5 jókst sala á svínakjöti nær línulega frá byrjun 9. áratugarins til 2003/2004 og tók svo kipp á árabílinu 2015-2017²² en þeirri eftirspurnaraukningu hefur verið mætt með innflutningi. Ekki er hægt að útiloka að aukinn innflutningur hafi skapað hluta af þessari eftirspurn.



Mynd 6 - Kjúklingakjöt: Innanlandsala og innflutningur (ekki leiðrétt fyrir beinahlutfalli).

Svipaða þróun má sjá varðandi sölu á kjúklingakjöti (mynd 6).²³ Hér byrjaði söluaukningin þó mun seinna eða undir lok 10. áratugarins, eftir að leyft var að selja ófrosið kjúklingakjöt árið 1996. Einnig hér hefur söluaukningu frá 2015 að mestu verið mætt með innflutningi.

²² Hagstofa Íslands, „Kjötframleiðsla eftir tegundum frá 1983“.


²³ Hagstofa Íslands.

Framleiðsla og sala á eggjum hefur lengst af verið nokkuð stöðug en jókst töluvert frá og með 2013 og liggur nú um 30% yfir meðaltali áratuganna þar á undan. Innflutningur á eggjum er óverulegur eða um eða undir 5% af innanlandssölu.

Framleiðsla á svína- og kjúklingakjöti ásamt eggjum byggir á innfluttu erfðaefti og innfluttu fœðri og framleiðslukerfi líkjust því sem gerist og gengur í nágrennaríkjunum. Hár framleiðslukostnaður helgast að einhverju leyti af fœðurverði og að einhverju leyti af litlum framleiðslueiningum. Sem dæmi má nefna að það lætur nærri að 10. stærsta svínabúið í Danmörku gæti fullnægt allri innanlandseftirspurn á Íslandi.²⁴ Beinn ríkisstuðningur er nánast enginn en tollafyrirkomulag skapar umtalsverða vernd, sem samkvæmt mati OECD er hlutfallslega meiri en heildarstuðningur til mjólkur- og lambkjötsframleiðslu.

Lambkjötsframleiðsla á Íslandi byggir á gömlum merg en dróst mikið saman frá lokum áttunda áratugarins og fram til 1993, þegar fjárfjöldi fór í fyrsta skipti undir 400.000 ær. Þá tók við um 25 ára stöðugleikatímabil en síðan 2016 hefur fé fækkað um nærri fjórðung og fjöldi áa er nú í fyrsta skipti kominn undir 300.000. Þessi samdráttur endurspeglast í framleiðslusamdrætti á lambkjöti, sem nemur um 25% á sama tímabili.

Sauðfjárframleiðsla er mjög árstíðabundin og þetta veldur töluverðu óhagræði vegna árstíðasveiflna í vinnuafliþörf við framleiðslu og vinnslu, ásamt miklum geymslukostnaði. Verð til bænda er einnig lágt í evrópsku samhengi eins og mynd 7 sýnir, en óhagræði í vinnslu- og geymslu, ásamt gengisáhrifum þýða að þessi verðmunur skilar sér aðeins að hluta til til neytenda (og gerir útflutning því ekki arðbæran).²⁵ Þetta þýðir að jafnvel þótt beinn ríkisstuðningur sé hár þá er afkoma greinarinnar bágborin. Lágt innanlandsverð og innflutningstollar torvelda einnig möguleika greinarinnar á sveiflujöfnun með árstíðabundnum inn/útflutningi.




Mynd 7 - Verð á lambkjöti til bænda (€/kg sláturvigt).²⁶

Rétt eins og í mjólkurframleiðslu, glímir sauðfjárræktin við það að stemma framleiðsluna af við innanlandsþörf þar sem sala einstakra vörflokka er ekki í jafnvægi við framleiðslu. Mynd 8 sýnir hlutfall innanlandssölu mismunandi skrokkhluta kindakjöts. Hæst er hlutfallið fyrir lambahryggi eða 90% en lægst fyrir lambaslög, einungis rúm 50%. Þetta þýðir að meginhluti útflutnings, eða um 80%, er ærkjöt eða lambaframpartar og -slög, sem að frádregnum flutningskostnaði getur ekki skilað miklum verðmætum.

²⁴ Bro og Hansen, „Opgørelse: Her er landets 10 største slagtesvineproducenter“.

²⁵ Sveinbjörnsson og Kristófersson, „Afkoma sauðfjáraða á Íslandi og leiðir til að bæta hana“.

²⁶ BORD BIA Irish Food Board, „Sheep Trade & Prices: Deadweight Lamb Prices (€/kg dw)“.



Mynd 8 - Hlutfall innanlandssölu af mismunandi skrokkhlutum kindakjöts.²⁷

Nautakjötsframleiðsla hefur að mestu verið hliðargrein mjólkurframleiðslu en samhliða innflutningi á erlendu erfðæfni og sérstöku stuðningskerfi hefur orðið mikil fjölgun holdakúa, frá tæplega 1.000 gripum um aldamótin 2000 til tæplega 4.000 gripa árið 2022. Þetta hefur þó ekki dugað til að uppfylla innanlandseftirspurn eftir nautakjöti og nam innflutningur árið 2022 réttum þriðjungi af innanlandssölu, ef leiðrétt er fyrir beinahlutfalli.²⁸

2.2 Jarðrækt

Jarðrækt felur í sér ræktun nytjajurta og telst því undirstaða búfjárræktar og matvælaframleiðslu frá landbúnaði. Eftir að farið var að greiða landgreiðslur og jarðræktarstyrki í gegnum búvörusamningana 2016 er hægt að meta umfang ræktunar á Íslandi útfrá umsóknum um slíka styrki. Af þeim 200-600 þúsund hekturum sem áætlað er að sé gott ræktunarland á Íslandi var virkt ræktunarland árið 2019 um 88 þúsund hektarar.²⁹ Þá má sjá á töflu 1 hvernig þróunin hefur verið í umfangi ræktunar frá 2017-2023. Landgreiðslur eru veittar fyrir uppskorin tún, en jarðræktarstyrkir fyrir garðrækt, gras (sáðgresi), grænfóður, korn og olíujurtir.

Tafla 1 - Skipting virks ræktunarlands á Íslandi eftir umfangi (hektarar) sem tekur mið af útgreiðslu jarðræktarstyrkja og landgreiðslna. Gögn frá RML.³⁰

Ár	Garðrækt	Gras	Grænfóður	Korn	Olíujurtir	Uppskorin tún	Samtals ha
2017	504	3.666	3.990	2.602	49	76.988	87.799
2018	563	3.143	3.962	2.473	97	76.587	86.825
2019	517	3.768	4.067	2.968	93	76.890	88.303
2020	516	4.851	4.415	3.028	92	78.629	91.531
2021	538	3.716	4.379	3.036	102	79.869	91.640
2022	549	3.429	3.932	3.450	94	82.219	93.673
2023	568	3.221	3.804	3.375	92	76.839	87.899


²⁷ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

²⁸ Matvælaráðuneytið.

²⁹ Sturludóttir o.fl., *Fæðuöryggi á Íslandi*.

³⁰ RML, „Landgreiðslur og jarðræktarstyrkir 2019.“

Megin uppistaða jarðræktar á Íslandi er túnrækt, en teljast um 87% alls virks ræktarlands til túna á meðan um 13% telst til sk. akurlendis (garðrækt, sáðgresi, grænfóður og korn). Ef horft er til kornræktar og grænfóðurræktar er hún er helst stunduð í sáðskiptum í tengslum við endurrækt túna.³¹



Mynd 9 - Uppskeyra heyfengs á Íslandi.³²

Mynd 9 hér að ofan sýnir uppskeru heyfengs á Íslandi í rúmmetrum talið frá árinu 1977. Á 10. áratugnum verða stórkostlegar breytingar á heyverkunaraðferðum þegar bændur skipta mjög bratt úr þurrheysverkun yfir í votheysbaggaverkun, einkum heyrúllur. Á svörtu línunni má sjá að samhliða þessu minnkaði rúmmál heildaruppskerunnar mikið. Það er að hluta til vegna þess að rúmþyngd rúlluheys er talsvert meiri en í þurrheysi. Magnið í tonnum hefur þar af leiðandi ekki minnkað eins mikið og mynd 9 sýnir. Engu að síður hefur virkt ræktarland dregist verulega saman á umræddu tímabili og heildaruppskera mæld í þurrfnistonnum minnkað. Það hefur verið áætlað að flatarmál túna hafi verið samtals 140-150 þúsund hektarar þegar mest var en er í dag komið niður fyrir 100 þúsund hektara samanber töflu 1. Samdráttinn á flatarmáli ræktarlands má skýra að mestu með stórauðnum innflutningi á kornfóðri í nautgriparéttinni, fækkun sauðfjár og meiri uppskeru af hverjum hektara.³³



Mynd 10 - Framleiðsla á korni á Íslandi frá 1990-2022.³⁴

³¹ Sveinsson, Sturludóttir, og Jónsdóttir, „Jarðræktarrannsóknir 2020“.

³² Hagstofa Íslands, „Uppskeyra og afurðir frá 1977“.


³³ Sturludóttir o.fl., *Fæðuöryggi á Íslandi*.

³⁴ Hagstofa Íslands, „Uppskeyra og afurðir frá 1977“.

Kornrækt á Íslandi jókst mikið upp úr 1990 og náði hápunkti á árunum 2008-2009, líkt og sjá má á mynd 10, en eftir það hefur kornrækt dregist saman vegna ýmissa skakkafalla. Þetta má meðal annars rekja til þess að innflutningur á fóðri til nautgriparæktar hefur aukist. Í kjölfar útgáfu skýrslunnar *Bleikir akrar - aðgerðaáætlun um aukna kornrækt árið 2023*³⁵ sem unnin var fyrir matvælaráðuneytið, hafa drög að reglugerð um fjárfestingastuðning í kornrækt litið dagsins ljós.³⁶ Ljóst er að með auknu fjármagni eynamerktu eflingu kornræktar ætla íslensk stjórnvöld sér að stuðla að aukinni framleiðslu á korni bæði til fóðurs og manneldis. Líklegt er talið að ræktunarskilyrði á Íslandi muni taka breytingum vegna hnattrænnar hlýnunar, en sem dæmi benda hlýrri sviðsmyndir til þess að hægt verði að rækta korn til manneldis á nær öllu ræktarlandi.³⁷

2.3 Grænmetisrækt

Samkvæmt búvörusamningum um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða var markmiðið að efla íslenska garðyrkju. Því á meðal annars að ná fram með því að auka framboð og neyslu garðyrkjuafurða, stuðla að fjölbreyttara framboði á garðyrkjuvörum árið um kring á sanngjörnu verði fyrir neytendur, auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendirar garðyrkjuframleiðslu, styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika hennar og treysta tekju- og starfsgrundvöll framleiðenda garðyrkjuafurða.³⁸



Mynd 11 - Yfirlit yfir framleiðslu grænmetis innanlands og innflutning í tonnum frá 2002.³⁹

Líkt og sjá má á mynd 11 þá hefur framleiðsla innanlands á gúrkum og gulrótum verið að aukast síðastliðin ár og frá 2020 höfum við verið að sjá aukningu í framleiðslu tómata. Paprikur eru að megninu til innfluttar, en einnig er stórt hlutfall gulróta og tómata flutt inn. Innanlandsframleiðsla á kartöflum er töluvert meiri en innflutningur, og sömu sögu má segja um sveppi.

Sölufélag garðyrkjumanna er í eigu garðyrkjubænda og virkar sem milliliður milli bænda og neytenda þar sem fyrirtækið sér um pökkun, dreifingu, flutning og markaðsstarf fyrir íslenskt grænmeti.

³⁵ Gautason, Þorvaldsson, og Hilmarrson, „Bleikir akrar: Aðgerðaáætlun um aukna kornrækt“.

³⁶ Matvælaráðuneytið, „Drög að reglugerð um fjárfestingastuðning í kornrækt sett í samráð“.

³⁷ Björnsson et al., Umfang Og Afleiðingar Hnattrænna Loftslagsbreytinga á Íslandi. Fjórða Samantektarskýrsla Vísindanefndar Um Loftslagsbreytingar.


³⁸ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða“.

³⁹ Hagstofa Íslands, „Uppskera og afurðir frá 1977“.


Sölufélagið tekur þannig við uppskeru frá bændum, pakkar í umbúðir og dreifir til verslana og annarra kaupenda, en fyrirtækið segir að 90% af heildsöluverðinu skili sér beint til grænmetisbænda.⁴⁰

3 Samfélags- og byggðapróun í íslenskum landbúnaði

Fækkað hefur í stétt íslenskra bænda síðustu áratugi, en offramleiðsla í landbúnaði kallaði á miklar breytingar á stuðningskerfi landbúnaðarins í byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Þá var opinber stuðningur til útflutnings landbúnaðarvara lagður af árið 1992 og búvörulög sett 1993. Greinin þróaðist í átt að aukinni hagræðingu og skilvirkni í framhaldi, og hefðbundnum býlum fækkaði.⁴¹



Mynd 12 - Fjöldi búfjáreigenda (nautgripir) eftir landshlutum frá 1981-2023.⁴²



Mynd 13 - Fjöldi búfjáreigenda (sauðfé) eftir landshlutum frá 1981-2023.⁴³

Skýrt má sjá á myndum 12 og 13 að fjöldi búfjáreigenda (nautgripir og sauðfé) á Íslandi hefur dregist mikið saman frá árinu 1992 í öllum landshlutum. Þá voru á landinu mest 3.853 sauðfjáreigendur árið 1994, en nautgripaeigendur voru flestir 2.046 talsins árið 1992. Árið 2023 voru á landinu 1.738 sauðfjáreigendur og 642 nautgripaeigendur. Ef miðað er við árið 1981 hefur fækkunin orðið hlutfallslega mest á Austurlandi (85%) og á Vestfirðum (88%) fyrir nautgripaeigendur og minnst á

⁴⁰ islenskt.is, „Sölufélag garðyrkjumanna - Um fyrirtækið“.


⁴¹ Jóhannesson, „Agriculture in Iceland: Conditions and Characteristics“.

⁴² Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

⁴³ Matvælaráðuneytið.

Norðurlandi eystra (58%). Fækkun sauðfjáreigenda frá árinu 1981 hefur verið mest á Austurlandi (57%) og Norðurlandi eystra (58%) en minnst á Vesturlandi (35%) og Norðurlandi vestra (36%).⁴⁴

Fjöldi sauðfjár-, kúa- og nautgripabúa eftir landshlutum 2020




Mynd 14 - Fjöldi sauðfjár-, kúa- og nautgripabúa í heildina eftir landshlutum 2020.⁴⁵

Á mynd 14 má sjá fjölda búa sem stunda búfjárrækt eftir landshlutum, en þar trónir Suðurlandið á toppnum.⁴⁶ Þá má sjá á mælaborði landbúnaðarins að flestir nautgripabændur voru skráðir á Suðurlandi árið 2023, eða 218 talsins, sem eru fleiri nautgripabændur en finna má samanlagt á Vesturlandi, Austurlandi, Vestfjörðum og Reykjanessvæðinu (höfuðborgarsvæðið og Reykjanes), en þar voru samanlagt 138 nautgripaeigendur árið 2023. Á Norðurlandi eystra eru 144 nautgripabændur, og eru þeir flestir staðsettir í sveitarfélögum nálægt eða við Eyjafjörðinn. Á Norðurlandi-vestra voru svo 124 nautgripabændur 2023. Flestir sauðfjáreigendur voru einnig á Suðurlandi árið 2023, eða 408 talsins, sem og Vesturlandi (343) og Norðurlandi-vestra (341). Borið saman við Austurland (164), Vestfirði (111) og Reykjanessvæðið (38) má sjá töluverðan mun milli landshluta. Í heildina má sjá að austan Eyjafjarðar og austan sanda er lítil landbúnaðarstarfsemi samanborið við aðra landshluta, sem og á Vestfjörðum.

⁴⁴ Matvælaráðuneytið.

⁴⁵ Hagstofa Íslands, „Rekstrartekjur landbúnaðarins standa í stað og búum fækkar“.

⁴⁶ Hagstofa Íslands.



Mynd 15 - Fjöldi búfjáreigenda eftir kyni frá 2017-2024.⁴⁷

Búfjáreigendum hefur fækkað í heildina frá árinu 2017, það er bæði konum og körlum sem skráð eru sem búfjáreigendur (sjá mynd 15). Þegar skoðuð er þróun kynjaskiptingar bænda eða búfjáreigenda frá árinu 2017 má sjá að konur hafa haldist um 16% bænda til ársins 2024, en hlutfall karla hefur fallið úr 66% árið 2017 í 59% árið 2024. Á móti hefur lögaðilum fjölgað hlutfallslega úr 18% í 25% á sama tímabili.⁴⁸ Því er ljóst að um karllæga stétt er að ræða á íslenskum vinnumarkaði, sem rímar við niðurstöðu skýrslu frá 2009.⁴⁹ Einnig mætti álykta svo að vegna fjölgunar á skráningu lögaðila í greininni gæti breytinga á rekstrarformi í landbúnaði frá hefðbundnum fjölskyldubúum í átt að stórbúskap.

Samkvæmt samantektarskýrslu Byggðastofnunar um sauðfjárþænder frá árinu 2022 höfðu kynslóðaskipti í sauðfjarrækt á Íslandi síðastliðin 5 ár á undan verið afar takmörkuð.⁵⁰ Líkt og fram kemur á mynd 13 hér að ofan hefur sauðfjáreigendum fækkað mikið sl. áratugi, sem og nautgripaeigendum. Báðir þessir hópar bænda hafa elst, en yfir þriðjungur ábúenda á sauðfjárþýlum er yfir sextugt, og fer hlutfallið yfir 60% fyrir þá þænder sem komnir eru yfir fimmtugt.⁵¹ Bændasamtökin hafa bent á að hár meðalaldur bænda sé mikið áhyggjuefni, ekki sist fyrir fæðuöryggi.⁵²

Í garðyrkjunni eru langflest búin skráð á Suðurlandi, en tæpar 70% heildargreiðslna vegna búvörusamninga garðyrkjunnar fóru til þess landshluta árið 2022. Lögaðilar í garðyrkju fá tæplega 90% greiðslna vegna samningsins,⁵³ sem er ólíkt því rekstrarformi sem algengast er í búfjarrækt þar sem einstaklingar eru að megninu til skráðir fyrir búinu.

Búháttabreytingar hafa átt sér stað á Íslandi líkt og annarstaðar, en þænder hafa í auknum mæli aukið fjölbreytni í sínum tekjustofnum, meðal annars með aukinni ferðaþjónustu, skógrækt og heimavinnslu afurða.

4 Yfirlitskafli um íslenska stuðningskerfið

Stuðningskerfi landbúnaðarins á Íslandi byggir á þremur megin stöðum: Framleiðslustuðningi, markaðsaðgerðum og tollvernd. Megnið af framleiðslustuðningnum og markaðsaðgerðum er skilgreint í svokölluðum búvörusamningum, þar sem samtök bænda og ríkið semja um umfang og fyrirkomulag stuðningsins, en tollar eru ákvarðaðir á grundvelli tvíhliða samninga við önnur markaðssvæði. Um er að ræða fjóra samninga: Rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, samning um

⁴⁷ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

⁴⁸ Matvælaráðuneytið. Matvælaráðuneytið.

⁴⁹ Júlíusdóttir o.fl., „Litróf búskapar og byggða: Fjölpættur landbúnaður á Íslandi“.


⁵⁰ Byggðastofnun, „Samantekt um stöðu sauðfjarræktar“.

⁵¹ Byggðastofnun.

⁵² Hjaltadóttir, „Hár meðalaldur bænda mikið áhyggjuefni“.

⁵³ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

starfsskilyrði nautgriparræktarinnar, samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar og samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Til viðbótar eiga bændur og landeigendur kost á ýmis konar viðbótarstuðningi t.d. til skógræktar og landbóta, sem ekki er hluti af búvörusamningum.



Mynd 16 - Heildargreiðslur til stuðnings íslensks landbúnaðar eftir flokkum frá 2017 – 2022 (upphæðir á verðlagi hvers árs).⁵⁴


Á mynd 16 má sjá hvernig heildar stuðningsgreiðslur sem hið opinbera ver til íslensks landbúnaðar hafa þróast á árunum 2017-2022 skv. mælaborði landbúnaðarins, og hvernig þær greiðslur skiptast í flokka. Sjá má að stuðningurinn hefur verið að aukast úr tæpum 13 milljörðum árið 2017 í rúma 18 milljarða árið 2022.

Landbúnaðarstuðningur á Íslandi er hár í alþjóðlegu samhengi, og þar hefur landið löngum verið í flokki með Noregi, Sviss, Suður-Kóreu og Japan. Í öllum þessum löndum nemur heildarlandbúnaðarstuðningur (TSC) meira en 70% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, samkvæmt útreikningum OECD.⁵⁵ Til samanburðar er stuðningshlutfallið í ESB, Bretlandi og Bandaríkjunum nálægt 25%.

Ef litið er til skiptingar stuðningsins á mismunandi stuðningsflokkum, þá er það mjög breytilegt milli búgreina (sjá mynd 17).

⁵⁴ Matvælaráðuneytið.

⁵⁵ OECD, „Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2023: Adapting Agriculture to Climate Change“.



Mynd 17 - Landbúnaðarstuðningur helstu búgreina sem hlutfall af framleiðsluverðmæti⁵⁶

Í stuttu máli er stuðningur við framleiðslu svínakjöts, kjúklingakjöts og eggja alfarið í formi tollverndar á meðan tollvernd skiptir ekki máli fyrir sauðfjárframleiðslu og nautakjöt. Í mjólkurframleiðslunni er stuðningnum hins vegar nokkuð jafnt skipt milli tollverndar og beinna greiðslna.

Í umfjöllun sinni um Ísland benda sérfræðingar OECD á að þær stuðningsleiðir sem Ísland hefur valið séu skaðlegar viðskiptum og stuðli að óeðlilega háu vöruverði. Einnig vinni þær gegn þeim markmiðum sem Ísland hafi sett sér í loftslagsmálum.⁵⁷ Mælt er með því að reynt verði að rjúfa tengslin milli framleiðslu og stuðningsgreiðslna, skilyrða stuðning aðgerðum sem stuðli að uppfyllingu loftslagsmarkmiða og auka stuðning til nýsköpunar og umhverfismála.

4.1 Markaðsaðgerðir

Markaðsaðgerðir eru að mestu bundnar við mjólkurframleiðslu og eru tvíþættar. Í fyrsta lagi ákvarðar hið opinbera lágmarksmjólkurverð til bænda á þeim hluta mjólkur sem seldur er á innanlandsmarkaði. Verðlagning á mjólk til útflutnings er undanþegin verðlagsákvörðunum. Bændur þurfa að eiga greiðslumark, sem hægt er að kaupa á svokölluðum kvótamarkaði, starfræktum af matvælaráðuneytinu, til að geta framleitt inn á innanlandsmarkað. Fyrir utan að gefa bændum aðgang að innanlandsmarkaði er það notað til útdeilingar um þriðjungs þess stuðnings sem er eyrnamerkur kúabændum í búvörusamningum.

Samkvæmt 8. gr. Búvörulaga nr. 99/1993⁵⁸ skal ákvörðun um lágmarksverð mjólkur „...byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluáðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færnei.“

⁵⁶ OECD, „Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2023: Adapting Agriculture to Climate Change: Iceland“.

⁵⁷ OECD.

⁵⁸ Alþingi, Búvörulög.

Hins vegar ákvarðar verðlagsnefnd búvara heildsöluverð á tilteknum pakkningum af mjólk, rjóma, undanrennu, skyri, smjöri, osti, nýmjólkurdufti og undanrennudufti.⁵⁹

Þetta fyrirkomulag á sér ekki hliðstæðu í landbúnaðarkerfum þeirra landa sem þessi greinargerð nær yfir, þó svipuð hugmyndafræði liggja að baki verðlagsákvörðunum og stuðningsgreiðslum í Noregi. Þar er þó ekki opinber verðlagning á vörum á heildsölustigi (sjá kafla um Noreg).

Með því að bændur fái umtalsvert meira greitt fyrir mjólk sem framleidd er innan greiðslumarks en utan virkar greiðslumarksfyrirkomulagið á tíðum sem raunverulegt kvótakerfi. Það að bændur þurfi að kaupa greiðslumark á markaði til að njóta þessara hlunninda torveldar nýliðun, þrátt fyrir að nýliðar eigi forkaupsrétt á 5% af greiðslumarki á markaði⁶⁰, og eykur kostnað tengdan stækkun bóa. Þess má einnig geta að sambærilegt fyrirkomulag er ekki að finna í öðrum þeim löndum sem þessi skýrsla nær til.

Í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar er ákvæði tengt „framleiðslujafnvægi“. Markmið þess er „...við breytingum í framboði og eftirspurn á markaði“ ef þurfa þykir.⁶¹ Þetta er hægt að gera með eflingu á markaðsfærslu nautgripaafurða, sérstökum uppbótum fyrir slátrun kálfa og kúa, tilfærslu í aðra framleiðslu á kúabúum eða með tímabundnum býlisgreiðslum.

4.2 Stuðningsgreiðslur

Áætlaðar stuðningsgreiðslur búvörusamninga fyrir árið 2024 nema réttum 18 milljörðum ISK. Þessar greiðslur skiptast á rúmlega 30 stuðningsleiðir sbr. heildaryfirlit í töflu 2.

Tafla 2 - Heildaryfirlit yfir stuðningsleiðir og upphæðir tengdar búvörusamningum 2024.⁶²

Samningar	Tegund stuðnings	Stuðningsform	Millj. ISK	Hlutfall
Nautgriparækt	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Greiðslur út á greiðslumark	2.680	14,6
Nautgriparækt	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Greiðslur út á innvegna mjólk	3.145	17,2
Nautgriparækt	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Nautakjötsframleiðsla	259	1,4
Sauðfé	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Beingreiðslur í sauðfé	2.154	11,8
Sauðfé	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Gæðastýring í sauðfé	2.121	11,6
Sauðfé	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Beingreiðslur í ull	751	4,1
Grænmeti	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Beingreiðslur grænmetis A	372	2,0
Grænmeti	Framleiðslutengdar beingreiðslur	Beingreiðslur grænmetis B	48	0,3
Nautgriparækt	Búgreinatengdar greiðslur	Gripagreiðslur mjólkurkúr	1.853	10,1
Nautgriparækt	Búgreinatengdar greiðslur	Gripagreiðslur holdakúr	326	1,8
Sauðfé	Búgreinatengdar greiðslur	Býlisstuðningur í sauðfjárrækt	1.044	5,7
Grænmeti	Búgreinatengdar greiðslur	Beingreiðslur v. Raforku	487	2,7
Rammasamningur	Búgreinatengdar greiðslur	Geitfjárrækt	20	0,1

⁵⁹ Alþingi.

⁶⁰ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 2016“; Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.

⁶¹ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar“.

⁶² Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

Rammasamningur	Landgreiðslur	Jarðræktarstyrkir	473	2,6
Rammasamningur	Landgreiðslur	Landgreiðslur	475	2,6
Grænmeti	Landgreiðslur	Jarðræktarstyrkur í garðyrkju	91	0,5
Nautgriparækt	Fjárfestingarstuðningur	Fjárfestingarstuðningur	268	1,5
Sauðfé	Fjárfestingarstuðningur	Fjárfestingarstuðningur í sauðfjárrækt	131	0,7
Rammasamningur	Nýliðun	Nýliðun	171	0,9
Nautgriparækt	Þróunarfé mm.	Kynbótastarf	268	1,5
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Þróunarfé búgreina	76	0,4
Grænmeti	Þróunarfé mm.	Þróunarfé garðyrkja	61	0,3
Grænmeti	Þróunarfé mm.	Kynbótafjármunir	19	0,1
Grænmeti	Þróunarfé mm.	Kolefnishlutleysi	19	0,1
Sauðfé	Þróunarfé mm.	Aukið virði afurða	131	0,7
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Leiðbeiningaþjónusta	363	2,0
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Kynbótaverkefni	24	0,1
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Skógarafurðir	20	0,1
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Mat á gróðurauðlindum	40	0,2
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Erfðanefnd landbúnaðarins	9	0,0
Rammasamningur	Þróunarfé mm.	Framlag til Bændasamtaka Íslands	63	0,3
Rammasamningur	Lífræn framleiðsla	Aðlögun að lífrænni ræktun	13	0,1
Grænmeti	Lífræn framleiðsla	Lífræn framleiðsla í garðyrkju	13	0,1
Sauðfé	Annað	Svæðisbundinn stuðningur	196	1,1
Nautgriparækt	Annað	Framleiðslujafnvægi	134	0,7
Samtals			18.318	100,0

Eins og taflan ber með sér er megnið af stuðningnum eða tæplega 85% eyrnamerkt tilteknum framleiðslugreinum, annað hvort með beinni framleiðslutengingu eða óbeinni (gripagreiðslum, býlisgreiðslum o.s.frv.). Landgreiðslur og jarðræktarstyrkir nema tæplega 6% af heildargreiðslum, fjárfestingarstuðningur rúm 2% og nýliðunarstuðningur tæplega 1%.

Samið var um að greiddar væru beingreiðslur fyrir framleiðslu á tótmötum, paprikum og gúrkum í búvörusamningum 2016.⁶³ Þá væri raforka niðurgreidd, en við endurskoðun á búvörusamningum 2019 var komist að samkomulagi um að niðurgreiðslu raforku yrði hætt 1. janúar 2021 og beingreiðslur teknar upp vegna lýsingar.⁶⁴

Að auki var fyrirkomulagi framleiðslutengdra beingreiðslna breytt við endurskoðun samninganna 2019, en var þá bætt við flokki fyrir ylækt fyrir annarskonar grænmeti en greitt var fyrir í gegnum fyrri samning, m.a. svepparækt. Þá var einnig bætt við jarðræktarstyrkjum til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til mannelis frá 2021. Þá átti að efla lífræna framleiðslu með því að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn garðyrkjuframleiðsla hefur í för með sér.⁶⁵ Skv. viðauka við garðyrkjusamning frá 2016 var gert var ráð fyrir að greiddar yrðu 551 millj. ISK árið 2017 vegna hans í gegnum beingreiðslur og niðurgreiðslur raforku, og árið 2026 við lok samnings myndu greiðslur vera 533 millj. ISK.⁶⁶ Við endurskoðun garðyrkjuhluta búvörusamninga var áætlað að

⁶³ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða“.

⁶⁴ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

⁶⁵ Stjórnarráðið.

⁶⁶ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða“.

greiðslur vegna samningsins færu úr 1.065 millj. ISK í 1.047 millj. ISK, svo ljóst er að stuðningur átti að aukast.⁶⁷

Stuðningur tengdur greiðslumarki í nautgripærækt og sauðfjárrækt hefur minnkað síðustu ár en er enn þá um fjórðungur af heildarstuðningi. Þetta stuðningsform er að mörgu leyti óheppilegt⁶⁸, bæði vegna þess að bændur þurfa að kaupa sig inn í kerfið og vegna þess að þegar bændur hætta framleiðslu og selja sitt greiðslumark þá færast andvirði nokkurra ára stuðningsgreiðslna út úr greininni.

Landgreiðslur eru mjög lágt hlutfall heildargreiðslna, borið saman við önnur lönd. Í Noregi nema landgreiðslur 22% heildarstuðnings og innan ESB eru landgreiðslur meginstuðningskerfið. Landgreiðslur hafa ýmsa kosti: eru lítið markaðstruflandi, gefa bændum sveigjanleika til að breyta framleiðsluháttum án þess að missa stuðning og auðvelt er að tengja stuðningsgreiðslur við hvers kyns landbætur. Skv. reglugerð 430/2021 um almennan stuðning við landbúnað eru landgreiðslur og jarðræktarstyrkir veittir í kjölfar umsókna þar um, og taka framlög á hektara í báðum tilfellum mið af þeim heildarfjölda hektara sem sótt er um styrk fyrir. Að auki er fullnægjandi skil á skýrsluhaldi forsenda greiðslna.⁶⁹ Landgreiðslur eru ekki greiddar út á land sem eingöngu er nýtt til beitar, en uppskera er forsenda jarðræktarstyrks og þar telst beit búpenings á grænfóður vera uppskera.⁷⁰ Veittar voru landgreiðslur að heildarupphæð 434 millj. ISK árið 2023 vegna tæplega 77 þúsund hektara og einingaverð var 5.655 ISK/ha. Greitt var í heildina 437 millj. ISK vegna jarðræktarstyrkja fyrir rúmlega 10 þúsund hektara árið 2023, og einingaverð var 43.635 ISK/ha.⁷¹

Fjárfestingarstuðningur er einnig lágur samanborið við önnur lönd, ekki er óalgengt að sjá í kringum 5% af heildarstuðningsgreiðslum eyrnamerkt fjárfestingum og þróunarstarfi á bújörðum. Þá er fjárfestingarstuðningurinn búgreinatengdur, sem er óvanalegt, þótt algengt sé að skilyrða hvers konar fjárfestingar eru studdar. Hér mætti hugsa sér að slá saman mismunandi stuðningsleiðum sem falla undir skilgreininguna „þróunarstuðningur“, með svipuðum hætti og gert er í Noregi.

Gripagreiðslur eru einungis í nautgripærækt, en í sauðfjárrækt er boðið upp á svonefndan býlisstuðning, sem er tengdur bússtærð, og virkar því á margan hátt eins. Gripagreiðslur er mjög algeng stuðningsleið fyrir búgreinatengdan stuðning, sem finnst í flestum löndum ESB ásamt Noregi. Einnig má telja líklegt að boðið verði upp á gripagreiðslur í Skotlandi. Gripagreiðslur hafa ýmsa kosti. Þær hvetja til skráningar búfjár, hafa takmarkaða framleiðslutengingu og eftirlit með framkvæmd er auðvelt. Þær hafa verið gagnrýndar fyrir að vinna gegn framleiðniaukningu, en að öllum líkindum þurfa þær að vera nokkuð hærri en hér, áður en þessi áhrif verða veruleg.

Í skýrslunni *Ræktum Ísland!*⁷² er lagt til að stuðningsfyrirkomulagi landbúnaðarins verði breytt og í stað núverandi kerfis verið meginhluti stuðningsins veittur í gegn um eftirfarandi fimm stuðningsleiðir:

- Býlisstuðning
- Jarðræktarstyrki
- Landbóta- og umhverfisstyrki
- Fjárfestingarstuðning
- Framleiðslutengdan stuðning

Ef frá er talinn býlisstuðningur, eru þetta vel þekktar stuðningsleiðir í nágrannalöndum okkar og vel þess virði að skoða með hvaða hætti væri hægt að einfalda núverandi stuðningskerfi og draga úr tengingu við einstakar búgreinar.

⁶⁷ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

⁶⁸ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „Skýrsla nr. C14:04: Mjólkurvöruframleiðsla á Íslandi - Staða og horfur“.

⁶⁹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.

⁷⁰ Matvælaráðuneytið.

⁷¹ Harðarson, „Jarðræktarstyrkir, land-greiðslur og tjónabætur“.

⁷² Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, „Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland!“

Heildarfjöldi sauðfjárbúa sem fékk greiðslur frá hinu opinbera vegna búvörusamninga voru 1.550 talsins árið 2022 skv. mælaborði landbúnaðarins. Þau 20 sauðfjárbú sem fengu hæstu greiðslurnar árið 2022 (efstu 1,3% bóa) fengu um 6% stuðningsins, líkt og sjá má á töflu 3. Fjöldi sauðfjár á þeim búum er á bilinu 568 til 1.411 talsins, sem er yfir meðalstærð bóa á Íslandi,⁷³ en af þeim 20 efstu eru 6 með yfir 1.000 sauðfjár. Þegar efstu 500 búin eru skoðuð af þeim 1.550 sem fá greiðslur úr búvörusamningi sauðfjárræktar, sem eru um 32% bóa, fá þau samtals 69% af heildargreiðslum. Þau bú sem hæstu greiðslurnar fá árið 2022 eru að fá 0,36% heildargreiðslna úr búvörusamningi sauðfjárræktar.⁷⁴ Svipaðar tölur má sjá fyrir árin á undan.

Tafla 3 - Yfirlit yfir hlutfall heildargreiðslna eftir fjölda X bóa sem hljóta efstu greiðslur.⁷⁵

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Sauðfjárrækt						
Efstu 20 búin	5%	5%	6%	6%	6%	6%
Efstu 50 búin	11%	11%	12%	12%	12%	12%
Efstu 100 búin	20%	20%	21%	22%	22%	22%
Efstu 200 búin	34%	34%	35%	37%	37%	37%
Efstu 500 búin	65%	65%	67%	69%	69%	69%
Nautgripærækt						
Efstu 20 búin	10%	10%	10%	10%	10%	10%
Efstu 50 búin	20%	20%	20%	20%	20%	21%
Efstu 100 búin	33%	33%	33%	33%	33%	34%
Efstu 200 búin	54%	54%	54%	54%	55%	56%
Efstu 300 búin	70%	70%	70%	71%	71%	72%
Garðyrkja						
Efstu 10 búin	76%	76%	78%	59%	64%	56%
Efstu 20 búin	96%	97%	99%	76%	79%	72%
Efstu 30 búin	100%	100%	100%	85%	88%	81%
Efstu 40 búin	100%	100%	100%	93%	93%	87%
Efstu 50 búin	100%	100%	100%	97%	96%	92%

Heildarfjöldi nautgripabúa sem fékk greitt vegna búvörusamninga um starfsskilyrði í nautgripærækt var 697 árið 2022. Þau 10 bú sem fengu hæstu greiðslurnar það árið (sem gera efstu 1,4% bóa) fengu samtals 6% heildargreiðslna úr búvörusamningi nautgripæræktar og eru þau með á bilinu 260 til 555 nautgripa skráða árið 2022. Búin með hæstu greiðslurnar eru að fá um 0,6% heildargreiðslna. Þá fá efstu 200 búin, sem gera um 29% af heild, um 56% heildargreiðslna, sem er svipað og árin á undan.⁷⁶

Í garðyrkjuframleiðslu hefur þróunin verið á öðra leið, en öfugt við stöðuga fækkun framleiðenda búfjár, hefur garðyrkjuframleiðendum sem greitt fá úr samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða farið úr 29 árið 2017 yfir í 97 árið 2022. Á töflu 2 má sjá að heildargreiðsluhlutfall efstu 10 býlanna fer á tímabilinu úr 76% niður í 56%. Þó verður að benda á að á sama tíma hefur greiðslum vegna búvörusamnings til garðyrkjuframleiðenda farið úr 276 milljónum króna árið 2017 í 1.029 milljónir króna, en beingreiðslum grænmetis var skipt í flokka A og B við endurskoðun á búvörusamningi 2019⁷⁷, og þá áttu fleiri framleiðendur rétt á slíkum greiðslum. Þar að auki var ákveðið að veita sérstaka jarðræktastyrki til útiræktunar á bæði grænmeti og garðávöxtum til manneldis.⁷⁸ Því er ekki hægt að álykta að stuðningur við stærstu garðyrkjuframleiðendur á Íslandi fari minnkandi milli ára, heldur stækkar kakan á sama tíma og fjöldi þeirra sem fá úthlutað sneið vex.

⁷³ RML, „Rekstur sauðfjárbúa 2019-2021: Betri gögn - bætt afkoma“.

⁷⁴ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

⁷⁵ Matvælaráðuneytið.

⁷⁶ Matvælaráðuneytið.

⁷⁷ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

⁷⁸ Stjórnarráðið, „Endurskoðun garðyrkjusamnings lokið: Ætla að auka framleiðslu á grænmeti um 25% á næstu þremur árum“.

5 Samanburðarkafar

5.1 Evrópusambandið – Sameiginlega landbúnaðarstefnan

Sameiginlega landbúnaðarstefna Evrópusambandsins (CAP) var innleidd árið 1962, sama ár og Evrópuþingið var formlega stofnað. Markmið CAP var að stuðla að sameiginlegum innri markaði þeirra sex landa sem þá stóðu að baki þess sem síðar varð ESB, tryggja stöðugt framboð matvæla, skapa bændum viðunandi tekjur og vinna gegn fólksfækkun í dreifbýli.⁷⁹

Til að ná þessum markmiðum var þremur flokkum aðgerða beitt:

- Lágmarksverðum til að hlífa bændum við verðsveiflum á markaði og tryggja þeim stöðugar tekjur
- Framleiðslutakmörkunum (kvótum) til að koma í veg fyrir offramleiðslu, sem aftur gæti leitt til óstöðugleika á markaði
- Beinum framleiðslustuðningi til að tryggja samkeppnishæfi

Síðari tíma umbætur hafa svo til fjarlæggt fyrstu tvo aðgerðaflokkana, beingreiðslur eru nú nær eingöngu greiddar út á land og verulega hefur verið aukið við byggða- og umhverfisstuðning.

5.2 Uppbygging CAP

Markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar hafa ekki breyst mikið síðan þau voru skilgreind árið 1962 og nú eru þau að:

- Styðja bændur og bæta framleiðni í landbúnaði og tryggja stöðugt framboð af matvælum á viðráðanlegu verði
- Aðstoða bændur í Evrópusambandinu (hér eftir ESB) til að lifa sanngjörnu lífi
- Hjálpa til við að takast á við loftslagsbreytingar og sjálfbæra stjórnun náttúruauðlinda
- Viðhalda dreifbýli og landslagi um allt ESB
- Halda lífi í hagkerfi dreifbýlisins með því að efla störf í landbúnaði, matvælaíðnaði og tengdum greinum⁸⁰

Sameiginlega landbúnaðarstefnan hvílir á tveimur megin stoðum – oft kallaðar Stoð I og Stoð II – þar sem stoð I fjármagnar beinar greiðslur til bænda og markaðstengdar aðgerðir. Beingreiðslurnar hafa að markmiði að styðja við fjárhagslega stöðu bænda og tryggja stöðuga framleiðslu á evrópskum landbúnaðarafurðum. Markaðstengdar aðgerðir stuðla að stöðugleika markaða með landbúnaðarafurðir, fyrst og fremst með uppkaupum á lágmarksverðum og stuðningi til tímabundinnar geymslu afurða.

Stoð II sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar snýst um byggðaþróun í dreifbýli og markmið hennar er að vinna með víðtækari svæðisbundnar áskoranir í dreifbýli. Þetta getur verið uppbygging innviða, náttúruvernd og stuðningur við fjölbreyttari atvinnustarfsemi í dreifbýli (það sem á íslensku hefur oft verið kallað búháttabreytingar). ESB rekur einnig umfangsmikla byggðastefnu sem styður við héruð, landshlutasamtök og bæjarfélög og getur í sumum tilvikum skarast við landbúnaðarstefnuna.

5.3 Fjárhagslegur stuðningur


Evrópski Landbúnaðartryggingasjóðurinn (European Agricultural Guarantee Fund / EAGF) fjármagnar fyrst og fremst beinar greiðslur til bænda undir Stoð I. Beinar greiðslur skiptast í nokkra þætti:

⁷⁹ European Commission, „Feeding Europe: 60 years of common agricultural policy“.

⁸⁰ European Commission, „The common agricultural policy at a glance“.

- a. Grunngreiðslur: (Basic payment scheme (BPS)): Sem öll lönd verða að innleiða. BPS byggir á greiðslumarki sem er tengt landi, en sum nýrri aðildarlanda ESB beita einfaldari útgáfu sem er án greiðslumarks og greitt er beint út á land.
- b. Álagsgreiðslur fyrir unga bændur: Öll lönd verða að greiða álag á grunnreiðslur til ungra bænda (undir 40 ára aldri) sem hafa hafið búskap síðustu fimm ár. Álagið skal vera 25% og 3% af heildarbeingreiðslum skal verja til þessa kerfis.
- c. Grænar greiðslur: Öll lönd verða að innleiða grænar álagsgreiðslur til þeirra bænda sem stunda umhverfisvæna búskaparhætti. Ríki skulu nota 30% af heildarbeingreiðslum til þessara álagsgreiðslna. Dæmi um umhverfisvæna búskaparhætti geta verið:
 - i. Að bóndinn rækti fleiri en eina (bú undir 10 ha) eða tvær (bú yfir 30 ha) tegundir nytjajurta.
 - ii. Að túnum sé viðhaldið.
 - iii. Að „vistfræðilega mikilvægum einingum“ sé viðhaldið. Þetta geta verið votlendi, runnar, skógarlundar o.s.frv.
- d. Greiðslujöfnun: Löndum er skylt að taka frá að lágmarki 10% beingreiðslna og dreifa til lítilla og meðalstórra bóa. Einnig er heimilt að setja hámark á hversu miklar greiðslur hvert býli getur fengið.
- e. Framleiðslutengdar greiðslur: Við sérstakar aðstæður, er möguleiki að styðja sérstaklega við ákveðnar framleiðslugreinar en þessi stuðningur má ekki fara upp fyrir 13% af heildarstuðningi, nema við sérstakar aðstæður. Flest aðildarríki nýta sér þessa stuðningsleið og um ¾ af framleiðslutengdum greiðslum fara til nautakjöts- og sauðfjárframleiðslu með þeim rökum að tekjur af þessum greinum séu mjög lágar. Framleiðslutengdar greiðslur geta verið meiri við ákveðnar aðstæður í tilteknum löndum, eftir samkomulagi við framkvæmdastjórn ESB.
- f. Smábýlastuðningur: Heimilt er að greiða mjög litlum búum eingreiðslu án mikillar pappírsvinnu. Þessi eingreiðsla skal vera óháð bústærð og getur ekki verið hærri en 1.250 € (u.þ.b. 200.000 ISK).

Mynd 18 sýnir áætlaðar heildarbeingreiðslur á hektara í ESB fyrir árið 2027. Athygli er vakin á að um er að ræða landsmeðaltöl en greiðslur til einstakra bænda geta verið breytilegar innan landa.



Mynd 18 - Áætlaðar beingreiðslur á hektara í ESB árið 2027⁸¹ (m.v. gengi 150 ISK/€). Á myndina vantar Möltu en upphæðin þar væri yfir 160.000 ISK.

⁸¹ European Commission, „Approved 28 CAP Strategic Plans (2023-2027): Summary overview for 27 Member States Facts and figures“.

Eitt af markmiðum næsta tímabils (2023-2027) er að jafna greiðslur, bæði milli landa og innan landa. Flest lönd hafa náð eða eru stutt frá að ná innri jöfnuði og fram til 2027 er stefnt að því að minnka umtalsvert meðal hektaragreiðslur milli landa.

Til viðbótar við almenna jöfnun á greiðslum hefur verið reynt að setja þak á greiðslur til einstakra aðila. Fram til 2022 höfðu 22 aðildarríki beitt 5% skerðingum á beingreiðslur til bóva sem fengu meir en 150.000 € (ríflega 20 millj. ISK) og 10 ríki munu beita skerðingum á yfirstandandi tímabili.

Evrópski landbúnaðarsjóðurinn fyrir byggðapróun (European Agricultural Fund for Rural Development (EAFRD)) styður við mjög fjölpætt byggðaverkefni undir Stoð II, með það að markmiði að:

- Auka þekkingaryfirfærslu í landbúnaði, skógrækt og dreifbýli
- Auka samkeppnishæfni allra greina landbúnaðar og auka lífvænleika bóva
- Stuðla að bættri skipulagningu matvælakeðjunnar og áhættustjórnun í landbúnaði
- Endurheimt, varðveisla og efling vistkerfa sem eru háð landbúnaði og skógrækt
- Stuðla að auðlindanýtni og styðja við umskiptin yfir í lágkolefnis- og loftslagsþolið hagkerfi í landbúnaði, matvæla- og skógræktargeiranum
- Stuðla að félagslegri aðlögun, draga úr fátækt og styrkja efnahagsþróun á landsbyggðinni

Hvert ríki, eða svæði, vinnur sína eigin áætlun sem þarf að taka til að lágmarki fjögurra ofangreindra markmiða. Til að vinna að þessari áætlun geta ríki valið milli fjölmargra aðgerða/verkfæra (sjá viðauka 1) sem eru fjármögnuð að mestu með framlögum úr sjóðnum en að hluta með framlögum hvers ríkis. Að lágmarki 30% stuðnings úr EAFRD verður að renna til fjárfestinga sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum, skógrækt, lífrænum landbúnaði og náttúruverndaráætlunum (Natura 2000). Reglugerð um sjóðinn tilgreinir nákvæmlega hámarksgræiðslur til hvernar aðgerðar. Tafla 4 sýnir nokkur dæmi um hámarksstuðningshlutfall og -græiðslur.

Tafla 4 - Hámarks stuðningshlutfall og -stuðningur úr Evrópska Landbúnaðarsjóðnum fyrir Byggðapróun.⁸²

Aðgerðir	Stuðningshlutfall
Fjárfestingarstuðningur á bújörðum	
-á jaðarsvæðum	75%
-almennt	40%
-álag fyrir nýliða	+20 prós.stig
Endurheimt framleiðslugetu eftir náttúruhamfarir ásamt fyrirbyggjandi aðgerða	80-100%
Nýliðastuðningur	10 millj. ISK
Upphafsstuðningur við ný ekki - landbúnaðartengd fyrirtæki	10 millj. ISK
Framleiðslutryggingar (ræktun, búfé, plöntur)	65%
Aðgerðir til að auka dýravelferð	75.000 ISK á dýraein.
Stofnun framleiðendafélaga	10% af markaðssettri framleiðslu - þó ekki hærra en 15 millj. ISK á ári

⁸² The European Parliament and the Council of the European Union, Regulation (EU) No 1305/2013 of the European Parliament and of the Council of 17 december 2013 on support for rural development by the European Agricultural Fund for Rural Development (EAFRD) and repealing Council Regulation (EC) No 1698/2005.

5.4 Fjármögnun

Sameiginlega landbúnaðarstefnan er fjármögnuð með framlögum aðildarríkjanna, en ríkin geta einnig bætt við mótfamlögum undir Stoð II. Það, hversu mikið hvert ríki fær fer eftir mörgum þáttum, en umfang landbúnaðarlands skiptir þar miklu máli. Hvert ríki getur svo mótað sitt eigið stuðningskerfi innan hins sameiginlega ramma.

5.5 Finnland

Finnland er það land Evrópu sem mest er skógi vaxið, eða yfir 75% alls lands. Landbúnaðarframleiðendur eru tæplega 45.000 og meðalstærð bóa er 51 ha⁸³. Nær 15% alls landbúnaðarlands er lífrænt vottað. Heildarstuðningur til landbúnaðarins er 4.400 millj. €, sem deilt niður á bú svarar til um það bil 2,9 millj. ISK/bú eða 57.000 ISK/ha.

Megináhersluatriðin í landbúnaðarstefnu Finnlands eru fæðuöryggi, samkeppnishæfni bænda, aukinn metnaður í umhverfis- og loftslagsmálum og lífvænlegt dreifbýli. Til að styðja við fæðuöryggi er beitt samblandi af óframleiðslutengdum landgreiðslum og framleiðslutengdum greiðslum. Finnar nýta sér allt mögulegt svigrúm sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar til framleiðslutengdra greiðslna, og nema þær tæpum 20% af öllum beinum greiðslum. Önnur sérstaða finnska stuðningskerfisins er umfang harðbýlisgreiðslna og sérstakar umhverfisgreiðslur, sem miða mikið að verndun votlendis.


Við aðild Finnlands að ESB árið 1995 breyttist rekstrarumhverfi landbúnaðarins mjög mikið. Tollvernd féll niður, ásamt möguleikum á opinberri verðlagningu og sérstökum stuðningsaðgerðum. Verð til bænda á mörgum afurðum lækkaði mikið og kallaði á umtalsverðar hagræðingaraðgerðir. Þannig fækkaði kúabúum um 7% á ári fyrstu 10 árin eftir aðild en heildarframleiðsla jókst jafnframt um 30%.⁸⁴ Framleiðsla á rótarávöxtum og rúgi dróst saman, framleiðsla á hveiti og byggi jókst en framleiðsla á flestum búfjárafurðum hélst nokkuð stöðug, ef frá er talið að sauðfé fækkaði töluvert. Þannig hefur Finnum tekist að viðhalda umfangi meginhluta landbúnaðarframleiðslunnar með markvissum aðgerðum til að auka framleiðni og stuðningi við einstakar greinar.

Mynd 19 sýnir umfang framleiðslu í hlutfalli við neyslu fyrir nokkrar landbúnaðarafurðir. Eins og sjá má er framleiðsla á flestum korntegundum nokkurn vegin á pari við innanlandsþarfir og sama á við um kartöflur. Grænmeti liggur nokkuð undir innanlandsþörfum eða að jafnaði 60-70% af neyslu. Kjötframleiðsla (annað en lambakjöt), egg og mjólkurframleiðsla er einnig nálægt innanlandsþörfum. Þó er mikið flutt inn af ostum og dekkar finnsk ostaframleiðsla einungis 58% af innanlandsneyslu, á móti kemur að mikið er flutt út af smjöri.⁸⁵

⁸³ European Commission, „Finland – CAP Strategic Plan“.

⁸⁴ Tomsík og Rosochatecká, „Competitiveness of the Finnish Agriculture after ten years in the EU“.

⁸⁵ LUKE Naturrekursinstitutet, „Statistikdatabas: Näringsbalans (milj. kg)“.



Mynd 19 - Innanlandsframleiðsla í Finnlandi sem hlutfall af neyslu (%).⁸⁶

Í tengslum við samþykktu aðgerða- og stuðningsáætlun fyrir 2023-2027 hafa Finnar sett fram markmiðssetningu í 12 liðum:

Virk matvælaframleiðsla

1. Tekjur bænda af atvinnurekstri verði nægjanlegar til að tryggja innlenda matvælaframleiðslu
 2. Samkeppnishæfni landbúnaðarins aukist í gegnum framleiðniaukningu og stýrðrar samþjöppunar framleiðslunnar
 3. Aukin samvinna sem eykur virðisauka afurða bænda
 4. Nýir bændur fái stuðning til að hefja búskap eða auka fjölbreytni í rekstri sínum
- Stefnt er að því að 2.700 nýir bændur hefji rekstur eða auki fjölbreytni í rekstri á árunum 2023–2027
5. Lyfjanotkun í framleiðsludýrum aukist ekki

Umhverfisvænn og loftslagsvænn landbúnaður

6. Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði
- Markmiðið er að losunin árið 2027 verði 0,8 milljónum tonnum minni en árið 2019. Árið 2019 var losunin 15 milljónir tonna koltvísýringsgilda
7. Köfnunarefnis- og fosfórjafnvægi á ökrum batnar og ammoníaklosun frá landbúnaði minnkar
- Stefnt er að því að köfnunarefnisjafnvægið verði undir 46 kílóum, fosfórjafnvægi undir 5 kílóum og losun ammoníaks í 25,5 kíló á hektara árið 2027

⁸⁶ LUKE Naturrekursinstitutet.

8. Hlutfall óspilltra vistkerfa og náttúrulegra beitilanda fer vaxandi

Markmiðið er að hlutfall óspilltra vistkerfa og náttúrulegra beitilanda nái 75 prósentum af landsviðmiðum fyrir árið 2027

Fjölbreyttar sveitir með möguleika á endurnýjun

9. Samsetning fyrirtækja á landsbyggðinni verði fjölbreyttari

10. Að bæta fjarskiptatengingar á landsbyggðinni

Stefnt er að lagningu 5.500 kílómetra af nýjum háhraða (1 GBit/s) ljósleiðara á árunum 2023 til 2027.

11. Lífsgæði íbúa landsbyggðarinnar batni

Stefnt er að því að bæta meðallífsgæði íbúa á landsbyggðinni fyrir árið 2027 miðað við upphaf fjármögnunartímabilsins.

12. Sveitabærir og önnur fyrirtæki nútímavæða starfsemi sína með því að auka færni sína og nýta sér stafræna væðingu og nýsköpun

Markmiðið er að árið 2027 muni 100 prósent fyrirtækja í landbúnaði og dreifbýli hafa innleitt einhvers konar nýja stafræna tækni, hafa innleitt nýjungar eða fengið þjálfun eða ráðgjöf.

Til að ná þessum markmiðum er bændum veittur stuðningur eftir mörgum mismunandi stuðningsleiðum. Megindrættir landbúnaðarkerfisins fylgja forskrift sameignlegu landbúnaðarstefnunnar, en eins og áður sagði hefur Finnland lagt mikið upp úr að fullnýta heimildir til framleiðslutengdra styrkja. Þá hefur Finnland fengið sérstaka heimild til að styrkja landbúnað í norðurhluta landsins úr eigin sjóðum.

Tafla 5 sýnir heildaryfirlit yfir allar stuðningsgreiðslur sem eru fjármagnaðar með greiðslum úr sjóðum ESB, að undanskildum stuðningi við landbúnað á Álandseyjum. Sérstakar norðurslóðagreiðslur, sem Finnar fjármagna sjálfir eru ekki með í þessari samantekt. Af sömu ástæðu er ekki reiknuð hlutfallstala fyrir hverja stuðningsleið.

Tafla 5 - Heildaryfirlit yfir allar stuðningsgreiðslur sem eru fjármagnaðar með greiðslum úr sjóðum ESB (stuðningur við landbúnað á Álandseyjum undanskilin).

Stuðningskerfi	x1000 €
Grunnhektarastuðningur	292.549
Tekjudreifing	26.000
Nýliðaálag	13.100
Umhverfisálag	85.750
Framleiðslutengdur stuðningur	101.700
Framleiðendafélög - ávextir og grænmeti	4.000
Býflugnarækt	196
Dýravelferð	72.852
Gömul búfjáarkyn og plöntur	7.961
Harðbýlisstuðningur	177.398
Fjárfestingarstuðningur	
- vatnsvernd, áveitur mm.	2.062
-búháttabreytingar og markaðssetning heimaframleiðslu	29.450
- til framleiðniaukningar á bújörðum	52.000

- í ljósleiðara	15.300
- í orkuskiptum	7.348
- til umhverfismála	9.735
- til dýravelferðar	3.055
- til loftslagsaðgerða	1.050
- til samfélagsmála	3.680
Nýliðastyrkur	7.450
Nýsköpunarstuðningur	2.400
LEADER - sóknaráætlanir	45.580
Ýmis samvinnuverkefni	22.332
Þekkingaruppbygging og ráðgjöf	19.175
Lífrænn búskapur	69.624
Umhverfisvænn búskapur	161.581
Fuglavernd	2.400

Beinar greiðslur skiptast í fimm flokka:

Grunntekjutrygging er greidd út á styrkhæfa hektara til allra bænda. Stuðningurinn er mishár eftir svæðum.

Tekjudreifing er ný tegund stuðnings sem dreifir greiðslum frá stærri býlum til lítilla og meðalstórra bóla í samræmi við markmið ESB. Tekjutengdur stuðningur er greiddur á grundvelli styrkhæfs svæðis og hann er greiddur til bóla með að hámarki 50 ha.

Nýliðaálag til ungra bænda er greitt á grundvelli styrkhæfs landbúnaðarlands til ungra bænda í landinu öllu. Álagið er greitt í allt að fimm ár og þarf umsækjandi að vera yngri en 40 ára þegar sótt er um álagið í fyrsta sinn. Álagsgreiðslurnar nema 60-70% ofan á grunnbeingreiðslur.

Umhverfisgreiðslur eru greiddar sem álag á landgreiðslur og stuðla að umhverfis- og loftslagsmarkmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Markmiðið er að draga úr loftslagsbreytingum og aðlaga landbúnaðinn að áhrifum þeirra og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni og skilvirkri stjórnun náttúruauðlinda. Vistkerfisstuðningur er greiddur til bænda vegna gróðurþekju að vetrarlagi og til að viðhalda graslendi. Einnig til að hvetja til notkunar húsdýraáburðar og viðhalds náttúrulegs gróðurs.

Framleiðslutengdur stuðningur er kerfi sem, ólíkt öðrum stuðningsgreiðslum, er valfrjálst í aðildarríkjunum. Fyrir Finnland er þetta mikilvægur stuðningur þar sem það hvetur til áframhaldandi framleiðslu í ákveðnum geirum sem eru landinu mikilvægir. Stuðningurinn tryggir framboð á hráefni fyrir matvælaíðnaðinn. Gripagreiðslur eru greiddar út á mjólkurkúr, holdakúr, naut, slátraðar kvígur, ær, geitur, slátruð lömb og kiðlinga. Landstuðningur er greiddur vegna samningsbundinnar framleiðslu á sterkjukartöflum, ákveðnum iðnaðarjurtum og útiræktaðs grænmetis. Sameiginlega landbúnaðarstefnan setur hámark á hversu mikill hluti heildarstuðnings getur verið framleiðslutengdur og nota Finnar alla heimildina til að styðja við framleiðslu í suðurhluta landisins. Framleiðslutengdur stuðningur í norðurhluta landins er hins vegar fjármagnaður af finnska ríkinu í gegnum sérstaka heimild til Norðurslóðastuðnings og hér er til viðbótar gripagreiðslunum greitt álag á framleidda mjólk og einnig óframleiðslutengdur stuðningur til svína-, kjúklinga- og grænmetisræktar (sjá töflu 6).⁸⁷

⁸⁷ Finnish Food Authority, „Anvisning för ansökan om nordligt husdjursstöd 2023“.

Tafla 6 - Norðurslóðastuðningur í Finnlandi.⁸⁸

Stuðningsform	Stuðningur
Gripagreiðslur mjólkurkýr (árleg greiðsla)	600-800 €/dýr
Gripagreiðslur naut (eingreiðsla á naut eldri en 11 mán.)	500-650 €/dýr
Kvígur: Álag á sláturverð (lág. sláturvigt 170 kg)	250-370 €/dýr (1.200-1.500 €/dýr á jaðarsvæðum*)
Gripagreiðslur ær	45-75 €/dýr (115-165 €/dýr á jaðarsvæðum)
Lömb: Álag á sláturverð	25-30 €/dýr
Sterkjukartöflur	450-650 €/ha
Sérstakar nytjaplöntur**) og útiræktað grænmeti	80-170 €/ha
Norðurslóðastuðningur – mjólk***)	8,6-31,5 €sent/l
Norðurslóðastuðningur – holdakýr	682-1018 €/kú (7 svæðisbundnir flokkar og stærðartakmarkanir)
Norðurslóðastuðningur – naut	396-708 €/naut (7 svæðisbundnir flokkar og stærðartakmarkanir)
Norðurslóðastuðningur – álag á sláturverð – kvígur	417-597 €/dýr (5 svæðisbundnir flokkar og stærðartakmarkanir)
Norðurslóðastuðningur – álag á sláturverð – naut	84-205 €/dýr (4 svæðisbundnir flokkar og stærðartakmarkanir)
Gripagreiðslur ær	82-502 €/dýr (7 svæðisbundnir flokkar og stærðartakmarkanir)

*) Með „jaðarsvæðum“ er átt við eyjar og skerjagarða og oftast falla Álandseyjar einnig undir þennan flokk. Norður Finnland tilheyrir sérstöku stuðningssvæði.

**) Sykkurófur, bókhveiti, linsubaunir, hestabaunir, sætar úlfabaunir, haustrepja, vorrepja, sólblóm (þó ekki sólblómafræ til átu), oliulín, oliuhampur og rúgbaunir. Lágmarksstærð ræktunnar er 0,05 ha.

***) Um er að ræða 8 mismunandi styrksvæði, hvert með sína styrk upphæð, ásamt hámarki á heildarframleiðslumagni sem hægt er að fá styrk til.

Tölurnar í þessari samantekt eiga við um stuðningsupphæðir í suðurhlutanum, nema annað sé tekið fram.

Stuðningur vegna dýravelferðar skiptist í nokkur stuðningskerfi. Í öllum tilvikum er verið að bæta bændum kostnað vegna tiltekinnar fjárfestinga eða aðgerða sem ganga lengra en lágmarkskröfur í að bæta velferð búfjár. Hægt er að fá stuðning til aðgerða innan eftirfarandi flokka (tölur innan sviga er hámarksstuðningur á ári):

- Velferðaráætlun fyrir nautgripi (18 €/dýr á ári)
- Burðar- og sjúkrafastíur (23 €/dýr á ári)
- Kálfastíur (344 €/dýr á ári)
- Bættar aðstæður fyrir nautaeldi (135 €/dýr á ári)

⁸⁸ Finnish Food Authority.

- Nautgripir á beit minnst 90 daga á ári (67 €/dýr á ári)
- Útgerði fyrir nautgripi – minnst 120 daga á ári (33 €/dýr á ári)
- Velferðaráætlun fyrir svín (11 €/dýr á ári)
- Opin gotsvæði fyrir svín (555 €/dýr á ári)
- Bættar gotaðstæður fyrir svín (445 €/dýr á ári)
- Bættur aðbúnaður fyrir gyltur og smágrísi (53 €/dýr á ári)
- Bættur aðbúnaður fyrir grísi (69 €/dýr á ári)
- Bættur aðbúnaður fyrir sláturgrísi (59 €/dýr á ári)
- Velferðaráætlun fyrir sauð- og geitfé (17 €/dýr á ári)
- Bættur aðbúnaður fyrir sauð- og geitfé (94 €/dýr á ári)
- Sauð- og geitfé á beit minnst 90 daga á ári (33€/dýr á ári)
- Velferðaráætlun fyrir alifugla (9 €/dýr á ári)
- Bættur aðbúnaður alifugla (27€/dýr á ári)

Fjárfestingarstuðningur er veittur til ýmissa framkvæmda en meginhlutinn er almennur stuðningur til að stuðla að hagræðingu eða auknum gæðum framleiðslunnar og þar með samkeppnishæfni og arðsemi rekstrarins. Verkefni sem njóta stuðnings geta falið í sér nýbyggingu, stækkun, eða endurnýjun framleiðslubygginga og fjárfestingu í nýrri tækni.

Stuðningur úr sjóðum ESB er í formi styrks. Viðbótarfjármögnun innanlands getur hins vegar verið í formi ríkisábyrgðar og/eða vaxtaniðurgreiðslu af niðurgreiddu láni.⁸⁹ Hámarksfjárhæð styrks til fjárfestingar er á bilinu 25–35% af styrkhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka hámarksfjárhæð styrks til umsækjenda, sem eru ekki eldri en 40 ára þegar sótt er um og hafa ekki verið starfandi bændur lengur en sjö ár þegar umsókn er lögð fram, um 10%. Hámarksfjárhæð styrkja og annars stuðnings skal þó ekki fara yfir 50%. Hámarksfjárhæð fjárfestingaraðstoðar skal ekki fara yfir 1.500.000 € á hverja bújörð á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára. Sambærilegar reglur eiga við um stuðning til annarra tegunda fjárfestinga.

Sérstakur nýliðastuðningur er annað hvort 10.000 € (1,5 millj. ISK), fyrir minni bú eða 40.000 € (6 millj. ISK) fyrir bú sem stefna á að minnsta kosti 25.000 € ársveltu.⁹⁰ Um er að ræða eingreiðslu. Til viðbótar geta nýliðar fengið hærra stuðningshlutfall af fjárfestingarstuðningi, niðurgreiðslu á vexti og ríkisábyrgð á lán. Þá er álag greitt á beingreiðslur til nýliða, sem nemur 88 € á hektara.

Harðbýlisstuðningur er greiddur til bænda í öllu Finnlandi en er hærri í Norður Finnlandi. Um er að ræða álag á almennar landgreiðslur.⁹¹

Umhverfisgreiðslur eru í mörgum flokkum. Grunnurinn er gæðahandbók fyrir allt ræktað land. Til viðbótar er hægt að fá stuðning til jarðvegsverndar; til ræktunar undirgróðurs í ökrum til varnar útskolun jarðvegs og næringarefna; niðurfelling mykju; ræktun á grasræmum meðfram skurðum til að varna útskolun jarðvegs frá ökrum; ræktun á grasi á jarðvegi með mikið af lífrænum efnum (peat); viðhald áveituskurða; notkun lífrænna varna á ræktarlandi. Í öllum tilvikum er um að ræða álagsgreiðslur á hektara lands, og upphæð greiðslanna tekur mið af viðbótarkostnaði sem umræddar aðgerðir fela í sér.

Samantekið má segja að finnska stuðningskerfið sé umfangsmikið og er Finnland sennilega það ESB-land sem greiðir mest til bænda úr eigin sjóðum. Þetta er gert á grundvelli sérákvæða í sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, sem einungis eiga við landbúnað norðan 62. breiddargráðu.

Með þessum aðgerðum hefur Finnlandi tekist að viðhalda eigin framleiðslu á öllum helstu landbúnaðarafurðum á svipuðu róli og fyrir Evrópusambandsaðild árið 1995. Hér hefur stuðningur til

⁸⁹ European Union, Communication from the Commission on the revision of the method for setting the reference and discount rates.

⁹⁰ Finnish Food Authority, „Stöd till unga jordbrukare“.

⁹¹ Finnish Food Authority, „Stödvillkor: Kompensationsersättning 2023“.


fjárfestinga einnig skipt sköpum, enda hefur hann gert bændum kleift að auka bæði framleiðslu og framleiðni og þannig tryggja samkeppnishæfni greinarinnar.

5.6 Svíþjóð

Um 70% Svíþjóðar er skógi vaxið og um 10% er flokkað sem landbúnaðarland. Landbúnaðarframleiðsla nemur einungis 1% þjóðarframleiðslunnar og verðmætasköpun hennar skiptist nokkuð jafnt milli nautgriparæktar, jarðræktar og svína- og kjúklingaræktar. Í landinu eru tæplega 60.000 bú, sem telja að meðaltali 50 ha.

Árið 2017 samþykkti sænska þingið fyrstu samræmdu matvælastefnu Svíþjóðar, sem gildir fram til 2030. Markmið matvælastefnunnar er að stuðla að aukinni og sjálfbærri matvælaframleiðslu sem leitt getur til fleiri starfa og sjálfbærs vaxtar um allt land og veitt neytendum, óháð bakgrunni, betri skilyrði til að taka upplýstar ákvarðanir.

Meginmarkmið matvælastefnunnar er samkeppnishæf matvælaframleiðsla þar sem heildarframleiðsla matvæla eykst, á sama tíma og unnið sé að settum umhverfismarkmiðum. Til að ná þessum markmiðum er unnið þvert á stjórnkerfið innan þriggja áherslusviða: Þekking og nýsköpun, neytendur og markaðir (hér undir útflutningur) og regluverk. Reglulegt árangursmat og eftirfylgni tryggir svo að stöðugt sé unnið að settum markmiðum. Mynd 20 sýnir dæmi um eftirfylgni matvælastefnunnar, en árlega er unnið yfirlit yfir mögulega innlenda markaðshlutdeild mismunandi landbúnaðarafurða.⁹² Um er að ræða reiknaða stærð (framleiðsla + útflutningur - innflutningur) en ekki eiginlega markaðshlutdeild.



Mynd 20 - Markaðshlutdeild innanlandsframleiðslu mismunandi landbúnaðarafurða í Svíþjóð árið 2022.⁹³

⁹² Jordbruksverket, „På tal om jordbruk och fiske -fördjupning om aktuella frågor: Hur stor andel av svensk matkonsumtion skulle kunna täckas av livsmedel producerade i Sverige?“

⁹³ fransverige.se, „Så ser Sveriges försörjningsförmåga ut“.

Stuðningskerfi landbúnaðarins tengist matvælastefnunni en þarf einnig að stuðla að uppfyllingu markmiða sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB.

Um helmingur alls landbúnaðarstuðnings eru beinar greiðslur út á land. Til viðbótar við landgreiðslur er greiddur sérstakur stuðningur til nautgripaframleiðslunnar sem hefur átt við viðvarandi rekstrarerfiðleika. Mikil áhersla er á grænar greiðslur og vatnsvernd, loftslagsmál, líffræðilegan fjölbreytileika og viðhald graslenda. Um það bil 30% af heildarlandbúnaðarstuðningnum er eynamerktur einhvers konar grænum stuðningi.

Tafla 7 sýnir skiptingu heildarstuðnings, deilt niður á stuðningskerfi.

Tafla 7 - Skipting heildarstuðnings, deilt niður á stuðningskerfi.

Stuðningskerfi	x1000 SEK 2024	Hlutfall af heild
Grunnhektarastuðningur	413.000	35,9
Greiðslujöfnun	34.318	3,0
Nýliðaálag	19.764	1,7
Umhverfisálag	129.491	11,2
Til nautgriparæktar	89.197	7,7
Framleiðendafélög - ávextir og grænmeti	6.194	0,5
Býflugnarækt	1.177	0,1
Stuðningur v. beitarbúskap	127.036	11,0
Dýravelferð	25.064	2,2
Sel-búskapur	2.120	0,2
Gömul búfjáarkyn	1.801	0,2
Viðhald votlendis	5.559	0,5
Vatnsvernd	4.268	0,4
Harðbýlisstuðningur	161.290	14,0
Fjárfestingarstuðningur		
- vatnsvernd, áveitur mm.	3.876	0,3
- búháttabreytingar	5.418	0,5
- á bújörðum	65.833	5,7
Nýliðastyrkur	3.101	0,3
Nýsköpunarstuðningur	11.287	1,0
LEADER - sóknaráætlanir	18.278	1,6
Ýmis samvinnuverkefni	7.686	0,7
Þekkingaruppbygging	16.157	1,4

Eins og sjá má byggir kerfið á tiltölulega fáum stórum stuðningskerfum og svo nokkrum fjölda mjög lítilla kerfa. Grunnhektarastuðningur, ásamt umhverfisálagi, stuðningi við beitarbúskap og harðbýlisgreiðslur nema samanlagt ríflega 70% heildarstuðnings. Fjárfestingarstuðningur nemur um 6,5% af heildargreiðslum og fer að mestu til framleiðslubygginga og -tækja.

Boðið er upp á þrenns konar sértækan nýliðastuðning til bænda sem eru yngri en 40 ára. Uppbót á beingreiðslur, eingreiðslur og fjárfestingarstuðning:

Uppbót á beingreiðslur nemur 2,9% af heildarbeingreiðslum hvers árs, og deilist út á þann fjölda hektara sem sótt er um. Nýliðar geta fengið þessa uppbót fyrstu fimm búskaparár sín á að hámarki 200 ha.

Miðað er við að uppbótin sé nálægt 16.100 ISK/ha, eða að hámarki um 16 millj. ISK yfir fimm ára tímabil.

Eingreiðslur til nýliða eru föst upphæð, sem nemur tæpum tveimur millj. ISK fyrir bú sem samsvarar hálfu starfi (860 tímar) og tæpum fjórum millj. kr. fyrir bú sem samsvara heilu ársverki (1720 tímar).⁹⁴


Fjárfestingarstuðningur til ungra bænda getur numið 40% af heildarfjárfestingu, á móti 30% hjá eldri bændum. Hvert bú getur fengið að hámarki 30-45 millj. ISK (eftir landssvæði) yfir hvert þriggja ára tímabil.

Samanlagt geta ungir bændur því fengið beinan nýliðastuðning sem nemur um 20 millj. ISK yfir fyrstu fimm búskaparár sín, að viðbættum 30-45 millj. ISK fjárfestingarstuðningi.

Dýravelferðargreiðslur eru mjög sértækar og skiptast á sauðfé, nautgripi og gyltur. Greiðslurnar renna til bænda sem uppfylla skilyrði á við fóðurgreiningar, fóðuráætlanir, klaufhirðu, holdastigun o.þ.h. og má því líta á sem viðbótargreiðslur til að hvetja til *góðra búskaparháttá*.

Harðbýlisgreiðslur eru sundurliðaðar í flokka lands og misháar eftir flokkum. Flokkur 1 eru jarðir sem liggja norðan 62. breiddargráðu. Flokkur 2 eru jarðir þar sem hitasumma vaxtartímabils er undir 1.500 daggráðum⁹⁵ eða þar sem meðaluppskera er undir 80% af því sem hún er á tilteknum viðmiðunarsvæðum. Flokkur 3 eru bú á svæðum sem teljast harðbýl og sem mikilvægt er talið að halda í byggð. Innan hvers flokks eru 12 undirflokkar, skilgreindir mestmegnis á grundvelli hitasummu og eins og sjá má á mynd 21 fellur mestallt landbúnaðarland í Svíþjóð undir einhvers konar harðbýlisskilgreiningu.

Álagsgreiðslur eru greiddar út á hektara en fara bæði eftir landfræðilegri flokkun, tegund búskapar og dýraþéttleika⁹⁶. Ljóst er að kerfið er byggt upp til að sem flestir bændur geti fengið viðbótargreiðslur, ásamt því að munur á greiðslum milli flokka sé lítill, svo ekki sé afgerandi fyrir afkomu bænda hvoru megin við flokkunarlínu þeir lenda. Sem dæmi um greiðslur má nefna að mjólkurframleiðandi í flokki 1 fær 6.200 SEK/ha ef hann er með meira en 0,65 dýraeingingar á hektara en 400 SEK/ha ef



Mynd 21 - Flokkun landbúnaðarlands eftir harðbýlisskilgreiningu í Svíþjóð.

⁹⁴ Regeringskansliet, „Strategic plan for the implementation of the common agricultural policy in Sweden 2023-2027“.

⁹⁵ Hér eru daggráður reiknaðar sem margfeldi daga og meðalsólarhringshita yfir +5°C yfir vaxtartímabil, sem er skilgreint frá fyrsta fjögurra daga tímabili þar sem meðalhiti fer yfir 5°C til síðasta fjögurra daga tímabils þar sem meðalhiti er yfir 5°C.

⁹⁶ Jordbruksverket, „Kompensationsstöd 2023“.

hann hefur minna en 0,1 dýraeiningu á ha.⁹⁷ Sambærilegar upphæðir fyrir bú í flokki 4 eru 3.300 og 0 SEK/ha.

Með því að tengja dýraþéttleika við greiðslur er komist hjá því að bú með mikið land en mjög takmarkaða framleiðslu (lágan dýraþéttleika) fái umtalsverðan stuðning. Til að setja þessar tölur í íslenskt samhengi þá myndi dýraþéttleiki upp á 0,65 samsvara bú með tæplega 200 kýr eða rétt um 1.000 ær á 300 ha jörð, á meðan dýraþéttleiki 0,1 gæfi 30 kýr eða 150 ær á sömu jörð. Ekki er ljóst hvernig taka ætti tillit til afréttalands í þessu samhengi.

Fjárfestingastuðningur í sænska landbúnaðarkerfinu er að mestu hugsaður til að styðja við framleiðendur sem vilja nútímavæða bú sín t.d. auka framleiðni eða fjölbreytni; innleiða sjálfvirkni stafræna tækni. Veittur er stuðningur til eftirfarandi fjárfestinga⁹⁸:

- Ný-, við- og endurbygging búfjárbýgginga, ásamt tilheyrandi fastri tækni og innréttingum
- Orkuskógar (plöntur, girðingar mm.)
- Ný- og endurbygging gróðurhúsa, ásamt tilheyrandi tækni
- Ný-, við- og endurbygging bygginga til að þurrka og geyma korn (þó ekki hálm)
- Ný-, við- og endurbygging bygginga fyrir hreindýrarækt
- Fjárfestingar sem miða að því að draga úr losun ammoníaks
- Tækni og búnaður sem stuðlar að nýsköpun og sjálfbærni framleiðslunnar

Veittur er stuðningur til allra tegunda landbúnaðar, nema búa sem einungis rækta kynbótadýr og hross.

Stuðningshlutfall er 40% fyrir ungbændur en 30% fyrir aðra bændur, nema fyrir fjárfestingar sem tengjast ammoníakslosun, hér er stuðningshlutfallið 50%. Sérstakar reglur gilda einnig fyrir orkuskóga. Hámarksstuðningur fyrir hvert þriggja ára tímabil er 2,4 millj. SEK í suður Svíþjóð og 3,5 millj. SEK í Norður Svíþjóð (32 / 47 millj. ISK).

5.7 Austurríki

Austurríki er ámóta stórt og Ísland (84.000 km²) en með um 9 millj. íbúa. Um 40% íbúa búa í því sem flokkað er sem dreifbýli og sem þekur 75% landsins. Í Austurríki eru 110.000 bú með að meðaltali 20 ha. Um þriðjungur landsins er flokkað sem landbúnaðarland, þar af um helmingur akurlendi, en 44% er skógi vaxið.

Heildarstuðningur til landbúnaðar er um það bil 1,5 mia € á ári.⁹⁹ Deilt niður á fjölda búa nemur þetta um 2 millj. ISK á bú, eða um 100.000 ISK/ha.

Landbúnaðarstefna Austurríkis miðar að því að tryggja sjálfbæra samkeppnishæfni og þol gagnvart ytri áskorunum ásamt fæðuöryggi íbúanna, en á sama tíma að bæta verndun náttúruauðlinda og loftslags. Hún stuðlar að bættum lífsgæðum á landsbyggðinni með fjárfestingum, þekkingaryfirfærslu og nýsköpun.

Mikil áhersla er lögð á almennar aðgerðir sem tengjast byggðapróun og viðhaldi búsetu í dreifðum byggðum. Þannig er greitt álag á landgreiðslur til búa með minna en 40 ha, og greiðslur til búa, sem fá meir en 100.000 € (að frádregnum launakostnaði) eru skertar.


⁹⁷ Ein dýraeining samsvarar fullorðnum nautgrip eða 5 kindum.

⁹⁸ Regeringskansliet, „Strategic plan for the implementation of the common agricultural policy in Sweden 2023-2027“.

⁹⁹ European Commission, „At a glance: Austria’s CAP Strategic Plan“.

Annað meginmarkmið stuðningskerfisins er að stuðla að umhverfisvænum búskaparháttum og líffræðilegum fjölbreytileika. Markmiðið er að lífræn framleiðsla nái til 30% alls landbúnaðarlands fyrir 2027.

Almennt má segja að landbúnaðarstefna Austurríkis sé samtvinnuð byggðastefnu og ferðamálastefnu, enda byggir ferðamennska mikið á tengingu við einstakt búsetulandslag, umhverfi og staðbundna matvælaframleiðslu.



Mynd 22 - Jafnvægi innanlandsframleiðslu og neyslu í Austurríki.¹⁰⁰

Mynd 22 sýnir hversu mikið af innlendri neyslu hægt væri að uppfylla með innlendri framleiðslu. Eins og myndin ber með sér gæti Austurríki verið sjálfu sér nægt um flestar búfjárafurðir, epli, perur, kartöflur og kál, en á töluvert í land hvað varðar ýmsar aðrar tegundir grænmetis og ávaxta. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna.¹⁰¹ Þannig er t.d. helmingur ostaframleiðslunnar flutt út og sambærilegt magn flutt inn. Um 13% smjörframleiðslu er flutt út, en mun meira flutt inn og endar jöfnuðurinn við tæpleg 70%. Og þrátt fyrir að nautakjötsframleiðsla samsvari 144% af innanlandsþörf er um 25% innanlandsneyslu innflutt nautakjöt.

¹⁰⁰ Statistics Austria, „Agricultural Balance Sheets: Supply balance sheets“.

¹⁰¹ Federal Ministry Republic of Austria: Agriculture, „Degree of self-sufficiency with food“.

Ljóst er að austurrísk landbúnaðarframleiðsla er býsna samkeppnishæf, þrátt fyrir að framleiðsluáðstæður séu að mörgu leyti óhagstæðar, bú smá og landbúnaðarkerfi sem að mörgu leyti miðar frekar að stuðningi við umhverfisvernd og byggðapróun en háværkun framleiðni.

Ef lítið er til samsetningar stuðningskerfisins eins og sjá má á töflu 8 þá er hefðbundinn landstuðningur burðarás kerfisins með 35% heildargreiðslna. Að teknu tilliti til umfangs styrkhæfs lands þá er meðalgreiðslan 208 €/ha.

Austurríki býður einnig upp á sérstakar landgreiðslur til landsvæða sem tengjast því sem á Íslandi myndi vera kallað seljabúskapur (Almweideflächen). Þessar greiðslur nema 41 €/ha og koma til viðbótar sérstöku framlagi úr Stoð II.

Greiðslujöfnun, frá stærri búum til minni búa, telur 10% af heildarbeingreiðslum eða 5% af heildargreiðslum. Bú með 0,1-20 ha fá fullt álag (44€) og bú með 20-40 ha fá helmingi minna álag.

Tafla 8 - Sundurliðun á landbúnaðarstuðningi í Austurríki. Tölurnar miða við reikningsárið 2023/2024 og sundurliðunin getur verið breytileg eftir árum.¹⁰²

Stuðningsleið	Upphæð (x1.000 €)	Hlutfall
Grunnhektarastuðningur	467.594	35,8
Hektarastuðningur á afréttalönd	12.000	0,9
Greiðslujöfnun	67.758	5,2
Nýliðaálag	14.229	1,1
Umhverfisálag	98.657	7,6
Nautgriparrækt, sauðfjár- og geitfjárrækt á fjallabeitlandi	18.000	1,4
Framleiðendafélög - ávextir og grænmeti	4.324	0,3
Býflugnarækt	1.477	0,1
Umhverfisvænir búskaparhættir	133.562	10,2
Lífrænn landbúnaður	144.534	11,1
Heybúskapur	15.612	1,2
Gömul búfjarkyn	8.463	0,6
Landeyðing og landbrot	10.973	0,8
Viðhald humusjarðvegs	20.588	1,6
Umhverfisvæn ræktun víns, ávaxta og humla	5.429	0,4
Vínækt	13.155	1,0
Vatnsvernd	24.117	1,8
Fjallabúskapur	12.579	1,0
Friðlönd	44.950	3,4
Dýravelferð	30.019	2,3
Fjárfestingarstuðningur		-
- á bújörðum	57.152	4,4
- búháttabreytingar og fullvinnsla afurða	11.569	0,9
- skógrækt	3.410	0,3
- áveitur	1.711	0,1

¹⁰² Federal Ministry Republic of Austria: Agriculture, „CAP Strategic Plan Austria 2023-2027“.

- vistvænar úrbætur	1.737	0,1
- vatnsvernd	2.600	0,2
- innviðir á bújörðum	1.730	0,1
- bæjar- og þorpskjarnar	1.000	0,1
- félagsþjónusta í dreifbýli	514	0,0
- endurnýjanleg orka	712	0,1
- varðveisla náttúruarfs	1.008	0,1
- fyrirbygging ofanflóða	139	0,0
Nýliðastyrkur	10.626	0,8
Nýsköpunarstuðningur	1.157	0,1
LEADER - sóknaráætlanir	14.175	1,1
Framleiðendafélög og ýmis samvinnuverkefni	31.425	2,4
Þekkingaruppbygging	14.124	1,1
Árangursmiðuð bústjórn	1.445	0,1
Bætur vegna sértækrar svæðisbundinnar löggjafar	1.615	0,1

Mikil áhersla er lögð á stuðning við lífræna og vistvæna ræktun og 11% heildarstuðnings rennur til þessa flokks. Austurríki er það Evrópuland sem hefur stærstan hluta síns landbúnaðarlands undir lífrænni ræktun, eða um 22% alls lands (25.000 bú), og eins og áður sagði stefna stjórnvöld á að þetta hlutfall nái 30% fyrir 2027. Til viðbótar við lífrænt vottaða framleiðslu styður Austurríki margskonar „náttúruvæna búskaparhætti“. Þetta getur verið notkun lífrænna varna, lágmörkun notkun tilbúins áburðar, bann við plægingu, takmarkanir á nýtingartímabili o.s.frv.

Austurrískum bændum býðst fjölbreyttur fjárfestingarstuðningur, en megnið af fjárfestingarstuðningi rennur til almenns búrestrar, búháttabreytinga og fullvinnslu afurða. Meginmarkmið fjárfestingarstuðningsins er að auka samkeppnishæfni framleiðslunnar, en bætt dýravelferð, gæði framleiðslunnar eða náttúruvernd falla einnig undir þessar styrkveitingar. Styrkhlutfall er á bilinu 20-40%, eftir landsvæðum og styrkflokkum, með fimm prósentustiga álagi fyrir nýliða og lífrænan búskap. Hámarksstyrkfjárhæð til almennra fjárfestinga er 400.000 € (um 60 millj. ISK) en 600.000 € fyrir bú í fjallahéruðum og 800.000 € fyrir garðyrkjubú.

Austurríki hefur gengið vel að stuðla að nýliðun og hlutfall bænda undir 40 ára aldri er nú 22,2% á móti 10,7% í ESB. Nýliðastuðningur er þó ekki mikið öðruvísi en gengur og gerist og samanstendur af álagi á landgreiðslur, auknum fjárfestingarstuðningi og sérstakri eingreiðslu, sem getur verið allt að 15.000 € (ca. 2,2 millj. ISK).

6 Noregur

Noregur er að flatarmáli nærri fjórum sinnum stærra en Ísland, eða 385.000 km² en mjög fjallent og einungis 3,5% landsins er ræktanlegt land. Í heildina er stundaður landbúnaður á um 37.000 býlum, þar af nautgriparækt á tæplega 12.000 og sauðfjárrækt á rúmlega 13.000. Meðalbúið hefur til yfirráða um 23 hektara af ræktuðu landi, meðal-mjólkurbúið er með um 30 kúr og meðalsauðfjárhjörðin telur tæplega 70 ær.¹⁰³ Mikið er lagt upp úr öflugum stuðningi við landbúnað og markmið

¹⁰³ Statistics Norway, „Gardsbruk, jordbruksareal og husdyr“.

landbúnaðarstuðningsins eru fjórþætt: fæðuöryggi, landbúnaðarframleiðsla um allt land; aukin verðmætasköpun; og sjálfbær landbúnaður með minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Norðmenn framleiða megnið af þeim dýraafurðum sem þeir neyta, og einnig vaxandi hluta af korni, en minna af grænmeti og ávöxtum (sjá töflu 9). Svína- og kjúklingakjöt eru vinsælustu kjöttegundirnar, með samtals um 70% markaðshlutdeild, nautakjöt er um fjórðungur neyslunnar og lambakjöt 6%.

Tafla 9 - Hlutfall innlendarar framleiðslu af innanlandsneyslu mismunandi vöruflokka í Noregi.¹⁰⁴

Vöruflokkar	Hlutfall innlendarar framleiðslu
Korn (annað en hrísgrjón)	31
Mjólkurvörur	98
Ostur	81
Kjöt	96
Kartöflur	76
Ber	18
Ávextir	5
Grænmeti	48

6.1 Landbúnaðarstuðningur

Landbúnaðarstuðningur í Noregi er bæði umfangsmikill og fjölþættur, og samanstendur af beinum stuðningi, sem er ákvarðaður með árlegum búvörusamningum, framleiðslutakmörkunum og verndartollum. Þessu til viðbótar er bæði skattkerfið og skipulagslög notuð til að styðja við markmið landbúnaðarstefnunnar. Heildarstuðningur er með því hæsta sem gerist í löndum OECD og heildarstuðningur (TSC) er 83% af framleiðsluvirði landbúnaðarins.¹⁰⁵

Hvert ár semja fulltrúar ríkis og samtaka bænda um verðlag á landbúnaðarvörum, stuðningsupphæðir og sérstakar stuðningsleiðir ásamt fleiri atriða. Þetta gerist á grundvelli rammasamkomulags sem síðast var uppfært árið 1992.¹⁰⁶ Útreikningur á þörfinni fyrir verðhækkunir og stuðning byggir bæði á greiningum á verðbreytingum á mikilvægustu aðföngunum og á rekstrarafkomu svokallaðra viðmiðunarbúa, sem eru módelbú og sett upp á grundvelli umfangsmikilla búreikninga. Í Noregi er pólitísk samstaða um að þessi módelbú eigi í grunnatriðum að vera rekstrarhæf og skila launum, sem eru sambærileg við almennan vinnumarkað. Í uppfærslu búvörusamninga fyrir 2023 var það til að mynda krafa bændasamtaka að fá að fullu bætta verðhækkunir á aðföngum á árunum 2021 og 2022, ásamt því að bændum yrði tryggð sambærileg hækkun á ráðstöfunartekjum og aðrar stéttir höfðu fengið skv. launavísitölu.¹⁰⁷ Þessu skyldi náð annars vegar með hækkun afurðaverðs og hins vegar sértækum stuðningi. Niðurstaða samninganna var í meginráttum sú sem bændur höfðu óskað.

Heildarstuðningur til landbúnaðarins í Noregi er tæplega 24 milljarðar NOK sem samsvarar um það bil 320 milljörðum ISK (sjá töflu 10). Um 60% stuðningsins er beinar greiðslur, greiddar út á gripi, bú og land. Ríflega fimmtungur er svo álag á afurðaverð tiltekinna afurða. Þróunarstuðningur, hvar af helmingurinn er fjárfestingarstuðningur, nemur tæpum 10% og loks er um 7% heildarstuðnings varið til afleysingastuðnings. Önnur kerfi eru minni.

¹⁰⁴ Landsbruksdirektoratet, „Norsk landbruk - tall og fakta“.

¹⁰⁵ OECD, „Policies for the Future of Farming and Food in Norway: The agricultural policy environment in Norway“.

¹⁰⁶ Landbruksdepartementet, „Hovedavtalen for jordbruket“.

¹⁰⁷ Huus, „Avtaleguiden 22-23“.

Tafla 10 - Yfirlit yfir hlutfall einstakra greiðslna í norsku stuðningskerfi landbúnaðar.¹⁰⁸

Til að nefna sem dæmi kemur fram í 1. gr. Búvörulaga frá 1993 að tilgangur laganna sé meðal annars sá „að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,“¹⁴² sem gefur til kynna að ríkið vilji tryggja það að bændur hafi laun fyrir sín störf ekki ólík því sem gengur og gerist á vinnumarkaði. Ekki er þetta þó útfært nánar t.d. í samhengi við búvörusamninga þótt þeir eigi leynt og ljóst að tryggja tekjustofna búa til þess að bændur geti greitt sér út laun. Aftur á móti má finna þetta sama markmið hjá Norðmönnum eins og fjallað var um hér að ofan, og er útfærslan á því mjög skýr. Þá má benda á markmið sem finna má víða í stefnumörkun stjórnvalda, t.d. í búvörulögum frá 1993, búnaðarlögum frá 1998, í búvörusamningum 2016 og þingsályktun um landbúnaðarstefnu til 2040, sem er efling eða auðveldun nýliðunar í landbúnaði. Matvælastefnan *Matarauðlindin Ísland* sem og landbúnaðarstefnan *Ræktum Ísland!* koma einnig inn á mikilvægi nýliðunar. Því er ljóst að hér er um að ræða markmið sem hefur verið hinu opinbera hugleikið í meira en 3 áratugi. Engir árangursmælikvarðar liggja þó fyrir sem miða á við varðandi þessi tvö markmið, sem og mat á því hvað myndi teljast góður eða slæmur árangur í þeim efnum. Hvaða viðmið eigi að liggja því til grundvallar að grípa þurfi til sértækra aðgerða og stuðnings, hvenær þróunin sé komin á þann stað að hægt sé að endurskoða slíkar aðgerðir og þar fram eftir götunum, er óljóst. Hér væri gagnlegt að horfa til dæmis til þeirra 12 markmiða sem Finnar setja sér í nýjustu aðgerðaáætlun sinni undir landbúnaðarstefnu til 2027, sem flest innihalda töluleg markmið og gefa því færi á skýru árangursmati, og snerta bæði á framleiðslu matvæla, samfélagslegra- og umhverfislegra þátta í landbúnaði.

Til að bera saman markmið, leiðir og árangursmat stuðningskerfið íslensks landbúnaðar og því sem gerist í samanburðarlöndum sem tekin eru hér fyrir, er rétt að rýna nánar í nokkrar þær leiðir sem íslenska stuðningskerfið styðst við til að ná fram markmiðum sínum.

9.3 Umhverfistengdur stuðningur

Ekki eru fyrirferðarmikil markmið tengd umhverfisþáttum eða náttúruvernd í búvörulögum frá 1993, en II. kafli búnaðarlaga frá 1998 tekur á jarðabótum og landgreiðslum¹⁴³. Þar er kveðið á um að jarðabætur skuli „*stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparháttanna*“. Markmið búvörusamninga frá 2016 taka til umhverfisverndar og sjálfbærrar landnýtingar í rammasamningi og í


¹⁴¹ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

¹⁴² Alþingi, Búvörulög.

¹⁴³ Alþingi, Búnaðarlög.

gegnum hann var opnað á stuðningsgreiðslur til þeirra framleiðenda sem aðlaga sig að lífrænum framleiðsluháttum.¹⁴⁴

Í samkomulagi frá 2019 um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 2016 snýr 2. gr. alfarið að loftslagsmálum¹⁴⁵. Þar er sett fram markmið um að íslensk garðyrkja verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en 2040, og hafi hlotið vottun þar um. Til að ná því fram þurfi að auka enn frekar þekkingu bænda á landi sínu og ræktun til að efla bæði getu þeirra og úrræði til að draga úr losun og auka bindingu. Þá á að ráðstafa hluta af því fjármagni sem rennur til samningsins til aðgerða í loftslagsmálum ásamt því að bæta við nýju fjármagni til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju. Í nýlegri skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands er bent á að efling innlendirar grænmetisframleiðslu sem loftslagsaðgerð telst óhagkvæm miðað við þær forsendur sem skýrsluhöfundar gefa sér.¹⁴⁶



Mynd 23 - Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021.¹⁴⁷

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði á Íslandi, sem inniheldur losun frá meltingarvegi húsdýra, frá húsdýraskít, jarðvegsvinnslu, notkun kalkáburðar og annarra basískra efna, notkun úreu í jarðvegsvinnslu og notkun annars áburðar sem inniheldur kolefni, hefur sveiflast töluvert frá árinu 1990 til 2021 skv. tölum frá Hagstofunni líkt og sjá má hér að ofan á mynd 23. Samdráttur hefur hins vegar átt sér stað í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda úr meltingarvegi húsdýra eins og sjá má á mynd 24, sem má meðal annars rekja til fækkunar sauðfjár á Íslandi. Við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar árið 2019 var samið um að íslensk nautgriparækt yrði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040.¹⁴⁸


¹⁴⁴ Matvælaráðuneytið, Samkomulag um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

¹⁴⁵ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

¹⁴⁶ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „C22:01 Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat“.

¹⁴⁷ Hagstofa Íslands, „Losun gróðurhúsalofttegunda innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021“.

¹⁴⁸ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 2016“.



Mynd 24 - Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda úr meltingarvegi húsdýra á Íslandi í CO₂ ígildum 1990-2021.¹⁴⁹

Til umhverfistengds stuðnings úr búvörusamnings mætti setja jarðræktastyrki og landgreiðslur að einhverju leyti undir þann hatt ásamt greiðsla til stuðnings lífrænnar framleiðslu og kolefnishlutleysi, en ljóst er að um mun umfangsminni greiðslur er að ræða en í flestum samanburðarlanda hér að ofan.

Ef borin eru saman umhverfistengd markmið sem sett hafa verið fram og unnið er að í nokkrum af þeim löndum sem þessi samanburður nær til, þá er ljóst að Finnland, Svíþjóð, Austurríki, Bretland og Skotland bjóða upp á mun umfangsmeiri grænan stuðning innan sinna landbúnaðarstuðnings kerfa. Þá ber fyrst að nefna Finnland sem hefur sett sér bæði skýr og töluleg markmið í sinni nýjustu stefnu í landbúnaði, líkt og fjallað var um hér að ofan. Umhverfisgreiðslur eru greiddar sem álag á landgreiðslur, en grunnurinn af þeim er gæðahandbók fyrir allt ræktað land. Fjárfestingastuðningi er beitt til umhverfismála og loftslagsaðgerða, stuðningsgreiðslur eru veittar fyrir lífrænan búskap, umhverfisvænan búskap, og greiðslur eru einnig veittar fyrir býflugnarækt og fuglavernd.

Í Svíþjóð er reglulegt árangursmat og eftirfylgni á ríkjandi stuðningskerfi landbúnaðarins svo gætt sé að því að matvælastefnunni sé framfylgt og hún nái markmiðum sínum, þar sem áhersla er lögð á aukna og samkeppnishæfa matvælaframleiðslu á sama tíma og umhverfismarkmið séu í hávegi höfð. Um það bil 30% af heildarlandbúnaðarstuðningi er eynamerktur einhvers konar grænum stuðningi, t.d. umhverfisálagi, viðhaldi votlendis og vatnsvernd.

Í Austurríki mætti flokka yfir 37% heildarlandbúnaðarstuðningsins sem umhverfistengdan stuðning, svo sem stuðning við býflugnarækt, lífrænan landbúnað, vatnsvernd, friðlönd og umhverfisvæna búskaparhætti. Þá er einnig hluti fjárfestingarstuðnings eynamerktur grænum aðgerðum. Áhugavert er að sjá útfærslur umhverfistengds stuðnings í Bretlandi og Skotlandi eftir útgöngu þeirra úr ESB, sem verður að teljast bæði viðtækur og umfangsmikill.

Einhverjar greiðslur eða stuðningur standa bændum til boða sem standa fyrir utan stuðningskerfi landbúnaðarins í gegnum búvörusamninga. Land og skógur (áður Landgræðslan) bjóða bændum greiðslur fyrir varnir gegn landbroti og stuðning í gegnum verkefnið Bændur græða landið, t.d. er varðar endurgreiðslu á áburðakaupum og sköffun fræja.¹⁵⁰ Bændur hafa einnig getað sótt um stuðningsgreiðslur í gegnum Land og skóg (áður Skógræktin) fyrir skógrækt, s.s. skjólbeltarækt.¹⁵¹ Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem vísað er í hér að ofan kemst að þeirri niðurstöðu að hagkvæmstu loftslagsaðgerðirnar séu efling bæði landgræðslu og skógræktar.¹⁵² Ekki er vitað til þess að bændur geti sótt um annars konar greiðslu fyrir vistkerfaþjónustu frá opinberum aðilum, en Byggingastofnun býður þó upp á svokölluð græn lán til að styðja við þá sem fara vilja í verkefni sem stuðla að umhverfisvernd með einum eða öðrum hætti, líkt og bættrar orkunýtni, nýtingu

¹⁴⁹ Hagstofa Íslands, „Losun gróðurhúsalofttegunda innan landsvæðis Íslands, í CO₂ ígildum 1990-2021“.

¹⁵⁰ land.is, „Bændur græða landið“.

¹⁵¹ skogur.is, „Um skjólbeltarækt á lögbýlum“.

¹⁵² Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, „C22:01 Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat“.

endurnýjanlegri orkugjafa eða lífrænnar matvælaframleiðslu, svo dæmi séu tekin.¹⁵³ Því má sjá að um býsna sundurleitan stuðning er að ræða sem bændur geta sótt sem flokka mætti sem umhverfistengdan stuðning þar sem hann er á höndum nokkurra opinberra aðila og tilheyrir mismunandi kerfum.

9.4 Byggðastuðningur

Líkt og tæpt var á í umfjöllun um byggðapróun tengda íslenskum landbúnaði hefur bændum fækkað mikið á öllu landinu síðan 1992, en mest hefur fækkunin verið hlutfallslega á Austurlandi fyrir bæði nautgripa- og sauðfjáreigendur. Þar sem lögð hefur verið áhersla á aukna hagkvæmni og skilvirkni í landbúnaðarframleiðslu á Íslandi í gegnum opinbert stuðningskerfi. Hefur það leitt til stærðarhagkvæmni sem óhjákvæmilega leiðir af sér fækkun bóva. Mikilvægi landbúnaðar fyrir landsbyggðina, og þá sérstaklega þau svæði þar sem dreifbýli er ríkjandi, er þó óumdeilanlegt¹⁵⁴. Því liggja byggðarök því til grundvallar að veittur sé sérstakur svæðisbundinn stuðningur í gegnum búvörusamninga. Í bókun um byggðamál í rammasamningi frá 2016 kemur fram að „*samningsaðilar séu sammála því að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og búsetu í sveitum.*“¹⁵⁵ Þá var kveðið á um að stofna ætti samstarfsvettvang samningsaðila vorið 2016 til þess að setja fram tillögur um aðgerðir sem stuðla ættu að „*aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggðunum.*“ Þar undir átti einnig að skoða uppbyggingu innviða, meðal annars samgöngur, fjarskipti og raforku, ásamt möguleika sveitanna til þátttöku í aðgerðum vegna loftslagsmála. Þá átti að líta til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða fyrir ættliðaskiptum á bújörðum. Einungis er kveðið á um svæðisbundinn stuðning í rammasamningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, en slík ákvæði er ekki að finna í samningum um nautgriparækt og garðyrkju.

Í 8. gr. búvörusamnings sauðfjárræktar frá árinu 2016 kemur fram að þau svæði sem háðust eru sauðfjárrækt fái sérstakan svæðisbundinn stuðning á samningstímanum.¹⁵⁶ Þá átti Byggðastofnun að gera bæði tillögu að skilgreiningu á þeim svæðum, sem og því hvernig útteilingu fjármuna undir þessu ákvæði skyldi háttáð. Í viðauka við samninginn má finna töflu þar sem gert er ráð fyrir að svæðisbundinn stuðningur fari úr 99 milljónum árið 2017 í 136 milljónir árið 2026¹⁵⁷, og fari þá úr því að vera 2% heildargreiðslna úr sauðfjársamningi yfir í 3%. Fjórði kafli reglugerðar nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt kveður nánar á um útfærslu svæðisbundins stuðnings, en skilyrði sem þarf að uppfylla er það að lögbýlið sé í vissri akstursfjarlægð frá þéttbýlisstöðum, og byggt er á gögnum frá Byggðastofnun um þau sauðfjársvæði sem heyra þar undir.¹⁵⁸ Lögbýlið þarf að vera í 150 km akstursfjarlægð eða meira frá Reykjavík, 75 km akstursfjarlægð eða meira frá þéttbýlisstöðum með yfir 10.000 íbúa og 40 km akstursfjarlægð eða meira frá þéttbýlisstöðum með meira en 1.000 íbúa. Með því er verið að útiloka bú vestan Markarfljóts og á Vesturlandi. Þá eru flest bú við og nálægt Eyjafirði undanskilin svæðisbundnum stuðningi vegna þessarar reglu. Að auki skulu rétthafar greiðslna hafa átt 300 vetrarfóðraðar kindur skv. haustskýrslu fyrir árið á undan. Þó eru framleiðendur í Árneshreppi undanskildir þeirri reglu og þurfa einungis að hafa átt 100 vetrarfóðraðar kindur, og eiga einnig rétt á 25% álagi ofan á framlög. Um 40% sauðfjársvæða á landinu teljast smá þar sem fjöldi gripa er innan við 100.¹⁵⁹ Af heildarfjölda sauðfjársvæða árið 2021 töldust tæp 72% þeirra vera með undir 300 gripi.¹⁶⁰ Því er ljóst að flest bú á Íslandi eru ekki nægilega stór til að eiga rétt á greiðslum vegna svæðisbundins stuðnings. Ekki kemur fram reikniregla fyrir framlög til svæðisbundins stuðnings í reglugerð, en kveðið

¹⁵³ Byggðastofnun, „Græn lán“.

¹⁵⁴ Jóhannesson og Heiðarsson, „Samfélagsleg þýðing sauðfjársvæða“; Þórsteinsdóttir o.fl., „Greiðslumark mjólkur: Tillögur um leiðir vegna sölu og kaupa“.

¹⁵⁵ Stjórnarráðið, „Rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026“.

¹⁵⁶ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁵⁷ Í viðauka eru tölurnar á verðlagi þess árs. Þær eru svo verðtrygðar með hagræðingarkröfu (0,5%/ár fyrr í fimm árin og 1%/ár síðari fimm)

¹⁵⁸ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁵⁹ Hagstofa Íslands, „Rekstrartekjur landbúnaðarins standa í stað og búum fækkar“.


¹⁶⁰ Hagstofa Íslands, „Rekstrar og efnahagsyfirlit sauðfjársvæða eftir stærðarflokkun 2008-2021“.

er á um að framlög skulu „skiptast á milli rétthafa á hverjum tíma og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa.“¹⁶¹ Þá kveður reglugerð nr. 144/2022 einnig um það að hver framleiðandi getur ekki fengið meira en 0,4% af heildarhlutfalli þess sem greitt er út vegna samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar á hverju ári.

Á mælaborði landbúnaðarins er að finna veittar greiðslur fyrir svæðisbundinn stuðning innan sauðfjárræktar. Þegar sameinaðar eru greiðslur skilgreindar sem “svæðisbundin stuðningur, aðstoð 2017” og “svæðisbundinn stuðningur” þá kemur í ljós að frá árinu 2018 hefur nokkuð stöðugur fjöldi aðila hlotið svæðisbundnar stuðningsgreiðslur líkt og sjá má á mynd 25. En þó sýnir „trendið“ lækkun niður á við.



Mynd 25 - Svæðisbundinn stuðningur í sauðfjárrækt (fjöldi aðila).¹⁶²



Mynd 26 - Svæðisbundinn stuðningur í sauðfjárrækt (ISK).¹⁶³

Á mynd 26 má sjá að greiðslur eyrnamerkta svæðisbundnum stuðningi fara úr 250 milljónum króna árið 2017 niður í tæplega 150 milljónir árið á eftir, vegna þess að greidd var sérstök svæðisbundin stuðningsgreiðsla árið 2017 í ofanálæg við hefðbundna greiðslu. Eftir 2018 hækka greiðslurnar jafnt og þétt í 164 milljónir árið 2022. Árið 2022 voru greiddir rúmir 6 milljarðar króna vegna sauðfjárluta búvörusamninga skv. mælaborði landbúnaðarins, og því er ljóst að svæðisbundinn stuðningur er ekki

¹⁶¹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁶² Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁶³ Matvælaráðuneytið.

hátt hlutfall heildargreiðslna sauðfjárræktar í landbúnaði, eða um 2,7%. Þetta eru þó hærri greiðslur en gert var ráð fyrir í viðauka I við búvörusamningana frá 2016.¹⁶⁴



Mynd 27 - Svæðisbundin stuðningur eftir landshlutum 2017 og 2022.¹⁶⁵

Þegar nánar er greint í hvaða landshluta greiðslurnar skiptast, þá kemur fram að hlutfallslega fær Norðurland-vestra stærstu sneiðina á hverju ári frá 2017 (mynd 27). Hlutfallslega hafa heildargreiðslur til Suðurlands dregist saman ef borin eru saman árin 2017 og 2022. Meðaltalsgreiðsla á hvert bú vegna svæðistengds stuðnings er um 470 þúsund krónur á ári.

Í þeim löndum ESB sem hér hafa verið skoðuð, ásamt í Noregi, er töluverður hluti landbúnaðarstuðnings svæðistengdur með einum eða öðrum hætti. Þetta kemur skýrast fram í Finnlandi, þar sem búið hefur verið til sérstakt stuðningskerfi fyrir norðurhluta landsins, fjármagnað af finnska ríkinu. En einnig beita Svíþjóð, Austurríki og Noregur umfangsmikilli svæðisskiptingu fyrir beingreiðslur, fjárfestingarstuðning og (í Noregi) verðálag. Það sem er sammerkt öllum þessum löndum er að svæði eru skilgreind á grundvelli náttúrulegra aðstæðna og skiptingin er mjög finkornuð. Algengt er að unnið sé með 7-10 yfirflokkka og innan þeirra geta verið undirflokkar, byggt á t.d. hæð yfir sjávarmáli. Með þessu móti er tryggt, að munur í stuðningsupphæðum milli nágrannasvæða sé ekki of mikill.


9.5 Nýliðastuðningur

Í búvörulögum nr. 99/1993 með breytingum sem samþykktar voru 2016 er kveðið á í 36. grein að markmið bæði í sauðfjárrækt og nautgriparækt séu meðal annars þau að auðvelda þurfi nýliðun¹⁶⁶ í greinunum og “*naðsynleg kynslóðaskipti sem tryggja að stuðningur ríkisins nýtist starfandi bændum á hverjum tíma*”. Þá skal skv. 54. grein laganna nýliðum tryggður forgangur til þess að kaupa greiðslumark mjólkur á markaði. Ekki er kveðið á um nýliðun framleiðenda garðrykjuafurða í búvörulögum né búvörusamningum.

¹⁶⁴ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁶⁵ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁶⁶ Skv. 2. gr. Búvörulaga nr. 99/1993 er nýliði skilgreindur sem einstaklingur sem er á aldrinum 18-40 ára á því ári sem hann óskar eftir stuðningi og er að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hefur leigt eða keypt búrekstur á þremur undangengnum árum frá 1. janúar á umsóknarári að telja.



Mynd 28 - Fjöldi aðila sem hefur fengið greiðslur vegna nýliðunar í landbúnaði (vinstri) og upphæðir heildargreiðslna vegna nýliðunar í landbúnaði frá 2017-2022 (hægri).¹⁶⁷

Á mynd 28 má sjá gögn frá mælaborði landbúnaðarins, en þá fengu á bilinu 24 til 50 aðilar styrk skv. rammisamningi búvörusamninga sem gerður var 2016, sem miðaður var að því að efla nýliðun í landbúnaði. Greiðslurnar sveiflast ekki mikið milli árunna 2017 til 2022, og eru á bilinu tæplega 130 milljónir upp í rúmlega 147 milljónir á ársgrundvelli. Þegar heildarnýliðunargreiðslur fyrir árið 2022 í landbúnaði eru bornar saman við heildargreiðslur hins opinbera til stuðnings landbúnaðar á Íslandi, sem voru rúmir 18,6 milljarðar á verðlagi ársins, er ljóst að innan við 1% þeirra fara til eflingar á nýliðun. Þegar gögnin eru skoðuð nánar fyrir hvert ár voru þau bú sem voru að fá úthlutað hæstu styrkjum árin 2017-2020 að fá um 9 milljónir hvert, eða um 6-7% heildargreiðslna til nýliðunar það árið. Fyrir árin 2021-2022 fengu efstu búin flest um 3-4 milljónir, eða um 2-3% heildargreiðslna til nýliðunar á hvern aðila.

Þá stendur bændum til boða að taka svokölluð Landbúnaðarlán hjá Byggðastofnun vegna kynslóðaskipta í landbúnaði, sem eftir samkomulag við European Investment fund árið 2020 um aðild stofnunarinnar að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi, gerir nýliðum kleift að taka lán með allt að 90% veðsetningarhlutfalli og greiða einungis vaxtagreiðslur fyrstu 3 árin.¹⁶⁸

Ef þetta er borið saman við önnur lönd þá er innan sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB þrenns konar stuðningur til nýliða (skilgreint sem bændur undir 40 ára, fyrstu 5 búskaparár). Í fyrsta lagi fá þeir álag á beingreiðslur, í öðru lagi álag á fjárfestingarstuðning og í þriðja lagi sérstakan nýliðastuðning. Þessar þrjár stuðningsleiðir skulu nema sem svarar til 3% af heildarbeingreiðslum hvers lands. Sambærilegt hlutfall á Íslandi myndi svara til 450-500 milljóna á ári, eða nær þrefalt hærri upphæð en eyrnamerkt er nýliðastuðningi í endurskoðuðum búvörusamningum.

Í Bretlandi (Englandi) er farin önnur leið þar sem aðilum sem áhuga hafa á að hefja búskap, eða stefna að umfangsmiklum breytingum/stækkun búa, býðst aðgengi að nokkurs konar frumkvöðlastuðningi sem felur í sér handleiðslu og aðstoð við að þróa viðskiptahugmyndir og sem einnig getur falið í sér stuðningsgreiðslur á seinni stigum.

9.6 Fjárfestingastuðningur

Í 51. gr. búvörulaga frá 1993 er kveðið á um markmið um starfsskilyrði nautgriparæktar séu þau að „greinin geti endurnýjað framleiðsluástöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð dýra”.¹⁶⁹ Ekki er að finna slík markmið varðandi starfsskilyrði sauðfjarræktar eða framleiðenda garðyrkjuafurða í lögunum. Í 10. gr. rammisamnings búvörusamninga um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 2016 er útlistað að fjárfestingastuðningur, sem tímabundið var í boði fyrir framleiðendur í svínarækt til ársins 2021, eigi að „auðvelda sérstaklega smærri svínabúum að hraða því að standast nýjar kröfur um aðbúnað svína.”¹⁷⁰ Sambærileg markmið eru ekki sett fram fyrir

¹⁶⁷ Matvælaráðuneytið.

¹⁶⁸ Byggðastofnun, „Samantekt um stöðu sauðfjarræktar“.

¹⁶⁹ Alþingi, Búvörulög.

¹⁷⁰ Stjórnarráðið, „Rammisamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjarræktar á árunum 2017 til 2026“.

alifuglarækt eða aðrar landbúnaðargreinar. Þá er ekki að finna ákvæði um fjárfestingastuðning fyrir framleiðendur garðyrkjuafurða í búvörusamningi frá 2016.

Í búvörusamningi fyrir nautgripærækt frá 2016 er að finna markmið um að greinin geti endurnýjað framleiðsluáðstöðu sína í samræmi við auknar kröfur um dýravelferð.¹⁷¹ Til þess býður hið opinbera upp á fjárfestingastuðning, sbr. 8. gr. samningsins. Í búvörusamning um sauðfé frá 2016 er einnig kveðið á um fjárfestingastuðning, en tilgangur hans er bæði að stuðla að aukinni hagkvæmni í búskap ásamt því að stuðla að bættri dýravelferð, sbr. 9. gr.¹⁷² Samkvæmt skilyrðum um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt verða „greidd framlög vegna nýframkvæmda og breytinga á byggingum“ sem fela í sér bættu vinnuáðstöðu eða stuðli að bættum aðbúnaði og velferð dýra. Verkefni þurfa þó að kosta yfir 1 milljón króna til þess að hægt sé að sækja um fjárfestingastuðning, og hefur stuðningurinn getað numið allt að 20% stofnkostnaðar. Með endurskoðun búvörusamninga sem fram fór 2023 var þessu ákvæði breytt og eiga sauðfjárbændur að geta sótt um stuðning fyrir allt að 40% stofnkostnaðar frá árinu 2024.¹⁷³ Þá er sett þak yfir það hversu mikið framlag hver framleiðandi getur sótt um, og miðast það við 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins. Í viðauka við samninginn má sjá að gert var ráð fyrir að fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt færi úr 48 milljónum króna árið 2018 í 91 milljón króna árið 2026. Skv. reglugerð 144/2022 getur hver framleiðandi fengið úthlutað styrk til sömu framkvæmda til allt að þriggja ára verði framkvæmdir á fleiri en einu ári, en þá skal leggja fram nýja umsókn árlega.



Mynd 29 - Fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt (fast verðlag, upphæð á verðlagi ársins).¹⁷⁴

Eins og sjá má á mynd 29 var enginn fjárfestingastuðningur veittur í sauðfjárrækt árið 2017, en þróunin hefur síðan farið stigvaxandi þar til ársins 2022, fyrir utan árið 2021. Árið 2022 eru veittar tæpar 88 milljónir króna í fjárfestingastuðning til sauðfjárbænda, sem eru um 1,4% þeirra framlaga sem fóru til búvörusamnings í sauðfjárrækt á því ári. Þá breytist fjöldi aðila sem sækir um og hlýtur fjárfestingastuðning milli ára, en minnst fer það í 42 aðila á tímabilinu, en mest í 91 aðila.

Svipuð skilyrði má finna í búvörusamningnum um nautgripærækt frá 2016, en miðar fjárfestingastuðningurinn að því að veita framlög vegna nýframkvæmda eða endurbóta á eldri byggingum. Þau geta numið allt að 40% stofnkostnaðar, svo ljóst er að um hærri framlag hefur verið að ræða heldur en fyrir framleiðendur sauðfjár, en eins er miðað við að hámarksframlag sé 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins. Í viðauka við samninginn má sjá að gert var ráð fyrir að fjárfestingastuðningur í nautgripærækt færi úr 193 milljónum árið 2017 yfir í 180 milljónir árið 2026.¹⁷⁵ Reglugerð nr. 348/2022 um stuðning í nautgripærækt veitir einnig möguleika á því að framleiðandi getur

¹⁷¹ Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði nautgripæræktar“.


¹⁷² Stjórnarráðið, „Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar“.

¹⁷³ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.“

¹⁷⁴ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁷⁵ Í viðauka eru tölurnar á verðlagi þess árs. Þær eru svo verðtryggðar með hagræðingarkröfu (0,5%/ár fyrri fimm árin og 1%/ár síðari fimm).

sótt um styrk til sömu framkvæmda til allt að þriggja ára, fari þær fram á fleiri en einu ári, og þá skal leggja fram nýja umsókn árlega.¹⁷⁶



Mynd 30 - Fjárfestingastuðningur í nautgriparækt (fast verðlag, upphæð á verðlagi ársins).¹⁷⁷

Á mynd 30 má sjá fjárfestingastuðning sem veittur hefur verið í nautgriparækt á árunum 2017 til 2022. Ljóst er að um hærri fjárhæðir eru að ræða samanborið við sambærilega styrki til sauðfjárræktar, en bæði eru fleiri aðilar að fá þennan stuðning (frá 61 upp í 121 aðila árlega), og framleiðendur nautgripa eiga rétt á stuðningi fyrir allt að 40% stofnkostnaðar, samanborið við 20% fyrir sauðfjárbændur (fyrir árin 2017-2023). Þá var fjárfestingastuðningur um 4,7% af heildarframlögum vegna búvörusamnings í nautgriparækt fyrir árið 2022, samanborið við 1,4% í sauðfjárrækt.

Bændur hafa einnig getað sótt um Landbúnaðarlán hjá Byggðastofnun fyrir hvers kyns endurbótum og uppbyggingu á búum sem eru í rekstri frá árinu 2013. Mikil eftirspurn var eftir slíkum lánnum vegna reglugerðabreytinga um aðbúnað mjólkurkúa.¹⁷⁸ Kostur lánanna er ábyrgðakerfið sem gerir Byggðastofnun kleift að veita áhættusamari lán en ella, og lántakendur hafa möguleika á því að greiða einungis vexti af lánunum fyrstu 3 árin, en ekki inn á höfuðstólinn.¹⁷⁹

Ýmis konar fjárfestingarstuðningur er í boði í öllum þeim löndum sem þetta yfirlit nær til og víðast mun ríkulegri en hérlendis. Í Svíþjóð og Austurríki nemur fjárfestingarstuðningur þannig um 6,5% af heildargreiðslum til landbúnaðarins, í Finnlandi er hlutfallið ríflega 8% af þeim greiðslum sem koma frá ESB og í Noregi um 5%. Í endurskoðuðum búvörusamningum er fjárfestingarstuðningur hins vegar aðeins 2,2% af heildargreiðslum (sem þó fela ekki í sér greiðslur til skógræktar og landbóta) og er takmarkaður við nautgripa- og sauðfjárrækt.

9.7 Stuðningsþak og jöfnun greiðslna

Líkt og fram kom hér að ofan fengu þau 20 sauðfjárbú sem fengu hæstu greiðslurnar árið 2022 (efstu 1,3% búna) um 6% stuðningsins, þau 10 nautgripabú sem fengu hæstu greiðslurnar 2022 (efstu 1,4% búna) fengu samtals 6% heildargreiðslna úr búvörusamningi nautgriparæktar og efstu 10 garðyrkjuframleiðendurnir fengu 56% stuðnings úr þeim búvörusamningi árið 2022.¹⁸⁰ Reglur varðandi þak og hámark á hinum ýmsu stuðningsgreiðslum eru í gildi. Þannig mega heildarframlög skv. samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar ekki vera hærri hlutfall en 0,7% á hvern framleiðanda¹⁸¹ og hlutfallið er 0,4% fyrir framleiðendur sauðfjár.¹⁸² Í garðyrkju takmarkast framleiðslutengdar beingreiðslur við 10% af heildarbeingreiðslum þess beingreiðsluflokks sem er til ráðstöfunar á ári hverju. Þá getur

¹⁷⁶ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.

¹⁷⁷ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁷⁸ Byggðastofnun, „Samantekt um stöðu sauðfjárræktar“.

¹⁷⁹ Byggðastofnun, „Lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta í landbúnaði“.

¹⁸⁰ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁸¹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.

¹⁸² Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

framleiðandi ekki fengið hærri greiðslur en 10% af heildargreiðslum sem greiddar eru út vegna jarðræktarstyrks á hverju ári.¹⁸³ Vegna beingreiðslna á flutnings- og dreifingakostnaði raforku til lýsingar, takmarkast greiðslur til hvers framleiðanda við 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem eru til ráðstöfunar á hverju ári.¹⁸⁴ Þá eru skilyrði fyrir beingreiðslunum meðal annars sú að ársnotkun til lýsingar verði að vera meiri en 100MWh á ári.¹⁸⁵

Fyrir utan þessi almennu ákvæði eru tvær stuðningsleiðir tengdar stærð búa. Þetta eru gripagreiðslur í nautgriparækt og býlisstuðningur í sauðfjárrækt.¹⁸⁶ Gripagreiðslur í nautgriparækt byrja að skerðast við 50 mjólkurkúr (200 holdakúr) og bændur geta ekki fengið greiðslur fyrir meira en 180 mjólkurkúr (260 holdakúr).¹⁸⁷ Greiðslur býlisstuðnings eru tengdar við ákveðna stærðarflokka eftir fjölda vetrarfóðraðra kinda skv. reglugerð 144/2022, en framleiðandi verður að vera með 100 vetrarfóðraðar kindur að lágmarki til að eiga rétt á þeim.¹⁸⁸

Þá má nefna ýmis önnur ákvæði sem tengjast þaki á stuðningsgreiðslur á Íslandi. Hámark er á nýliðunarstuðning sem veittur er til fjárfestinga í búrekstri, þar sem stuðningur getur að hámarki náð 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og þá mega framlög til einstakra nýliða ekki fara yfir 9 milljónir í heildina.¹⁸⁹ Hámarksframlög til framleiðenda vegna aðlögunar að lífrænni ræktun skal ekki fara yfir 70% árlegs aðlögunarkostnaðar.¹⁹⁰ Fjárfestingastuðningur í svínarækt getur numið allt að 40% af stofnkostnaði fyrir hvern framleiðanda ef heildarfjárfesting fer yfir 1 milljón króna. Stuðningurinn skiptist hlutfallslega milli samþykktra umsókna, og miðast hámarksstuðningur við meðalfjölda gyltna¹⁹¹.

Í sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB eru ekki bindandi ákvæði um skerðingu eða þak á greiðslum til einstakra aðila, heldur er um að ræða heimildarákvæði. Þannig mega lönd skerða greiðslur umfram 60.000 € (9 millj. ISK) til einstakra búa með allt að 85% og einnig er heimilt að setja þak á greiðslur umfram 100.000 €¹⁹² (15 millj. ISK). Tæpur helmingur aðildarríkja hefur valið að nýta sér þessi ákvæði.

9.8 Fæðuöryggi

Tilvísanir til fæðuöryggis er að finna í landbúnaðarstefnum allra þeirra þjóða sem hér hefur verið fjallað um. Þetta á jafnt við um sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB, stefnumörkun einstakra þjóða og jafnvel svæða innan landa.¹⁹³ Algengt er að sett hafi verið upp sérstök kerfi til að halda utan um breytingar í þeim þáttum sem mestu skipta fyrir fæðuöryggi.

Þannig heldur ESB úti svokölluðu „Mælaborði fyrir framboð matvæla og öryggi“.¹⁹⁴ Mælaborðið er ein af þeim aðgerðum sem gert er ráð fyrir í *Viðbragðsáætlun til að tryggja fæðuframboð og fæðuöryggi á hættutímum*¹⁹⁵ til að auðvelda ESB að bregðast við bæði skammtíma og langtíma ógnum sem stuðla að matvælaframboði.

Í Bretlandi eru ákvæði í landbúnaðarlöggjöfinni (Agricultural Act 2020¹⁹⁶) sem kveða á um að minnst þriðja hvert ár skuli lögð fyrir breska þingið skýrsla með tölfræðigreiningum á fæðuöryggi í Bretlandi.

¹⁸³ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við garðyrkju.

¹⁸⁴ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“; Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við garðyrkju.

¹⁸⁵ Stjórnarráðið, „Samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016“.

¹⁸⁶ Matvælaráðuneytið, „Mælaborð landbúnaðarins“.

¹⁸⁷ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning í nautgriparækt.

¹⁸⁸ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.

¹⁸⁹ Matvælaráðuneytið, Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.

¹⁹⁰ Matvælaráðuneytið.

¹⁹¹ Matvælaráðuneytið.

¹⁹² European Commission, „Proposed CAP Strategic Plans and Commission observations: Summary overview for 27 Member States“.

¹⁹³ Länsstyrelsen Jämtlands län, „Livsmedelsstrategi“.

¹⁹⁴ European Commission, „Food supply and security“.

¹⁹⁵ European Commission, Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions: Contingency plan for ensuring food supply and food security in times of crisis.

¹⁹⁶ UK Public General Acts, Agriculture Act .

Hér er ekki einungis átt við hlutfall innlendar framleiðslu, heldur einnig framboð á alþjóðamörkuðum, stöðu innlendra og alþjóðlegra virðisbætur og fleiri þátta.

Þá er algengt að Hagstofur einstakra ríkja haldi utan um gögn um hlutfall innlendar framleiðslu og neyslu einstakra vörflokka, sem er ákveðin grunnstærð í umræðu um fæðuöryggi.

Á Íslandi hafa nýlega komið út tvær umfangsmiklar greinargerðir tengdar fæðuöryggi landsins. Annars vegar skýrslan „Fæðuöryggi á Íslandi“ frá árinu 2021¹⁹⁷ og hins vegar „Tillögur og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi Íslands“ frá árinu 2022.¹⁹⁸ Einnig er fjallað um mikilvægi fæðuöryggis í „Matvælastefnu Íslands til 2040“.¹⁹⁹ Þá er á *Mælaborði landbúnaðarins* fylgst með framleiðslu, innflutningi og sölu á öllum helstu búvörum.

Það vantar því ekki gögn eða tillögur, en samhengi einstakra þátta fæðuöryggis og þess hvernig landbúnaðarstefnan er framkvæmd er ekki alltaf nægjanlega skýrt. Þá hefur umræða um fæðuöryggi oft verið takmörkuð við einstaka vörflokka landbúnaðarframleiðslunnar (t.d. einstakar kjötttegundir) án þess tekið sé tillit til gríðarlegrar fiskframleiðslu (bæði veiðar og eldi).

Mikilvægt er því að hið opinbera setji sér skýr og mælanleg markmið um einstaka þætti fæðuöryggis og beiti landbúnaðarstuðningi og tollvernd með markvissum hætti til að vinna að því að þessi markmið náist. Hér gæti tillaga um vakthóp um fæðuöryggi²⁰⁰ sem hefði það hlutverk að vakta og upplýsa stjórnvöld um stöðu mála verið gott fyrsta skref. Í því samhengi væri gagnlegt að horfa til þeirra breytinga á neyslumynstri matvæla sem hefur verið að eiga sér stað í nágrannalöndum.

10 Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að gefa almennt yfirlit um landbúnaðarframleiðslu á Íslandi og íslenska stuðningskerfið, ásamt greinargóðri lýsingu á stuðningskerfum landbúnaðar í Austurríki, Bretlandi (Englandi og Skotlandi), Finnlandi, Kanada (Nýfundnalandi), Noregi og Svíþjóð.

Þessi samanburður leiðir í ljós ýmis konar sérstöðu íslenska stuðningskerfisins:

1. Kerfið byggir á fjórum „samningum“ samtaka bænda og ríkis, ásamt nokkrum öðrum styrkjaleiðum og fyrirgreiðslu. Tengingar við gildandi stefnumarkningar eru óljósar. Sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum (í Noregi er samningsfyrirkomulag en þar er einn heildarsamningur).
2. Búgreinatenging er mjög mikil en fleiri innlendar og erlendar skýrslur hafa bent á að búgreinatenging drægi úr sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Ekkert samanburðarríkjanna er með eins umfangsmikla búgreinatengingu.
3. Framseljanlegt greiðslumark í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu dregur úr skilvirkni stuðningsgreiðslna og torveldar nýliðun. Sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum.
4. Opinber verðlagning á mjólkurvörum á heildsölustigi þekkist ekki í samanburðarríkjunum. Opinber lágmarksverð á afurðaverði til bænda þekkjast í Noregi og Kanada en hafa ekki leitt til sambærilegs munar á innanlandsverði og heimsmarkaðsverði og á Íslandi.
5. Fjárfestingar- og nýliðastuðningur er takmarkaður, sem er sérstaklega bagalegt þar sem búfjárhald á Íslandi krefst mikilla fjárfestinga og vaxtastig er hátt. Ekkert samanburðarríkjanna er með eins lágt hlutfall stuðningsgreiðslna eyrnamerkt fjárfestingar- og nýliðastuðningi (ekki liggja þó fyrir samanburðargögn frá Kanada).
6. Svæðistengdar greiðslur eru mjög takmarkaðar, gilda eingöngu fyrir sauðfjárrækt og taka einungis mið af fjarlægð búa frá þéttbýli. Öll samanburðarlöndin eru með mun umfangsmeiri

¹⁹⁷ Sturludóttir o.fl., *Fæðuöryggi á Íslandi*.

¹⁹⁸ Landbúnaðarháskóli Íslands, „Tillögur og greinargerð um aðgerðir til að auka fæðuöryggi Íslands“.

¹⁹⁹ Svavarsdóttir, Þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040.

²⁰⁰ Stjórnarráðið, „Sprett úr spori: Skýrsla spretthóps vegna stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi“.

svæðatengingu: sértækar greiðslur, álag á beingreiðslur og annan stuðning, mismunun í álagi á afurðaverð (Noregur) og takmörkun á færslu kvóta milli svæða (Noregur, Kanada).

7. Umhverfistengdar greiðslur eru mjög takmarkaðar og verulegur hluti þeirra liggur utan samninganna fjögurra. Öll samanburðarríkin, nema Kanada, hafa valið að greiða bændum fyrir landbætur, loftslagsaðgerðir og margvíslegar aðgerðir er stuðla að verndun og viðhaldi lands- og vatnsgæða.

Til viðbótar ofangreindum atriðum sem snúa að samanburði á íslenska stuðningskerfinu við stuðningskerfi annarra ríkja, þá vilja skýrsluhöfundar benda á eftirfarandi:

1. Meðalnyt íslenskra kúa er afar lág í alþjóðlegu samhengi og munurinn heldur áfram að aukast, nema gripið verði til aðgerða sem tryggja að erfðaframarir héraendis fylgi því sem gerist í nágrannalöndunum.
2. Til viðbótar við þá möguleika sem felast í kynbótum á íslenska kúastofninum, má ætla að útfösun greiðslumarkskerfisins (og þar með opinberri verðlagningu á mjólk) geti falið í sér umtalsverða möguleika á hagræðingu fyrir greinina.
3. Sauðfé hefur fækkað hratt undanfarin ár. Ekki er auðvelt að sjá hvernig hægt er að snúa þeirri þróun við: Afurðaverð er (of) lágt miðað við önnur Evrópulönd, og útflutningur hefur ekki gefið viðunandi skilaverð.
4. Fyrirkomulag tollverndar virðist ekki vera með beinum hætti tengt við aðra hluta stuðningskerfisins. Hlutverk og umfang tollverndar er mjög breytilegt eftir búgreinum og hefur leitt til mjög hás vöruverðs á ákveðnum vöruflokkum, sérstaklega afurðum alifugla.
5. Þrátt fyrir góða greiningarvinnu á fæðuöryggi á Íslandi er ekki augljóst hvernig landbúnaðarkerfið stuðlar að auknu fæðuöryggi. Hér skortir skýrari forgangsröðun aðgerða t.d. hvað varðar neyðarbirgðir á fóðri, lyfjum og olíu, markmiðssetningu tengda framleiðslu á kolvetnum/sterkju, stefnumörkun varðandi þrautavarasamninga við valin nágrannaríki, og að tekið sé tillit til umfangsmikilla fiskveiða og -eldis.
6. Töluverð tækifæri virðast fólgin í að auka framleiðslu á ýmsum tegundum grænmetis, og fóðurjurta, með markvissum stuðningi við lykillaþætti í framleiðslu og virðisbætur.

Að lokum vilja skýrsluhöfundar leggja til að við komandi endurskoðun landbúnaðarstuðningskerfisins á Íslandi verði eftirfarandi haft til hliðsjónar:

1. Að í stað fjögurra samninga verði allur landbúnaðarstuðningur skilgreindur með heildstæðum hætti í lögum og reglugerðum og að samráð við hagsmunaaðila verði tryggt með öðrum hætti en lokuðum samningsfundum.
2. Að meirihluti landbúnaðarstuðnings verði ekki bundinn við framleiðslu á einstökum landbúnaðarafurðum.
3. Að stór hluti landbúnaðarstuðnings verði tengdur skilgreindum aðgerðum sem stuðla að uppfyllingu stefnumörkunar stjórnvalda á sviði land- og vatnsverndar og loftslagsmála.
4. Að fjárfestingar-, nýsköpunar- og nýliðastuðningur verði stóráukinn.
5. Að horfið verði frá opinberum afskiptum af verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða.
6. Að mótuð verði skýr stefna um hvernig tollvernd tengist öðrum landbúnaðarstuðningi, bæði hvað varðar umfang og upphæðir.
7. Að ráðist verði í greiningarvinnu til að leggja mat á fýsileika svæðisbundinna stuðningsgreiðslna, bæði hvað varðar grundvöll svæðaskiptingar og stuðningsfyrirkomulags.
8. Að mótuð verði skýr stefna um hvernig stuðningskerfi landbúnaðarins geti stuðlað að fæðuöryggi landsins, og að sett verði upp reglubundið mat á þróun fæðuöryggis.
9. Að rammi um fyrirkomulag stuðnings gildi í fimm til tíu ár, með skilgreindum vörðum fyrir árangursmat og endurskoðun einstakra stuðningsleiða.

Heimildir

- Agriculture and Agri-Food Canada. „Newfoundland and Labrador’s Agriculture Industry“, 2014. https://publications.gc.ca/collections/collection_2016/aac-aafc/A22-12230-2014-eng.pdf.
- Alhainen, Sari. „Ayrshirerodun historiaa“. Finnish Ayrshire Breeders ry. Sótt 12. febrúar 2024. <https://www.ayrshire-finland.com/yhdistys/ayrshirerodun-historiaa/>.
- Alþingi. Búnaðarlög, Pub. L. No. 70 (1998). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998070.html>.
- . Búvörulög, Pub. L. No. 99 (1993). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993099.html>.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. „Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland!“, 2021. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20\(002\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/Raektum_Island_WEB_Sidur%20(002).pdf).
- . „Matarauðlindin Ísland: Matvælastefna Íslands til ársins 2030“. Reykjavík, 2020. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Matv%c3%a6lastefna_v17.pdf.
- Beam, David R., og Timothy J. Conlan. „Grants“. Í *The Tools of Government: A Guide to New Governance*, ritstýrt af Lester S. Salamon. Oxford: Oxford University Press, 2002.
- Björnsson, Halldór, Anna Hulda Ólafsdóttir, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Borgný Katrínardóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Gígja Gunnarsdóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, o.fl. *Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi. Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Veðurstofa Íslands, 2023. https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla_visindanefndar.pdf.
- BORD BIA Irish Food Board. „Sheep Trade & Prices: Deadweight Lamb Prices (€/kg dw)“. <https://www.bordbia.ie/farmers-growers/prices-markets/sheep-trade-prices/deadweight-lamb-prices/>, 2024.
- Bro, Dorte Stenbæk, og Soren Tobberup Hansen. „Opgørelse: Her er landets 10 største slagtesvineproducenter“. *Landsbrugsavisen*, 5. apríl 2020.
- Byggðastofnun. „Græn lán“. byggdastofnun.is. Sótt 25. janúar 2024. <https://www.byggdastofnun.is/is/fjarmognun-verkefna/lan/lansumsokn/graen-lan>.
- . „Lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta í landbúnaði“. Sótt 25. janúar 2024. <https://www.byggdastofnun.is/is/fjarmognun-verkefna/lan/lansumsokn/lan-vegna-jardakaupa-eda-kynslodaskipta-i-landbunadi>.
- . „Samantekt um stöðu sauðfjárræktar“, 2022. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Vorfundur/samantekt-um-saudfjarrækt-ad-beidni-innvidaraduneytisins.pdf>.
- Davies, Isabel. „Farmers’ lump-sum exit scheme application figures released“. *Farmers Weekly*, 1. nóvember 2022. <https://www.fwi.co.uk/business/farmers-lump-sum-exit-scheme-application-figures-released#:~:text=A%20total%20of%202%2C706%20farmers,September%202022%2C%20Defra%20has%20revealed>.
- Department for Environment Food and Rural Affairs. „National statistics Chapter 2: Structure of industry“. <https://www.gov.uk/government/statistics/agricu>, 6. nóvember 2023. <https://www.gov.uk/government/statistics/agriculture-in-the-united-kingdom-2022/chapter-2-structure-of-industry>.

- . „National statistics Chapter 8: Livestock“, 6. nóvember 2023. <https://www.gov.uk/government/statistics/agriculture-in-the-united-kingdom-2022/chapter-8-livestock#:~:text=Total%20meat%20production%20in%202022,1.9%25%20decrease%20in%20poultry%20production.>
